

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2008

Dómareifanir

1. hefti 2008 (janúar – júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Arnar Þór Stefánsson
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
1. hefti 2008 (janúar – júní)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu
Prentun Gutenberg

Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

Frá ritstjóra

Á fyrri hluta ársins 2008 féllu ýmsir athyglisverðir dómar hjá Mannréttindadómstól Evrópu, en þó fremur fáir sem mikla þýðingu hafa fyrir íslenskan rétt eða túlkun ákvæða sáttmálans. Af þeirri ástæðu eru dómar sem teknir eru til reifunar hér í færri lagi. Engin ákvörðun eða dómur gekk í kærumáli á hendur íslenska ríkinu á þessum tíma.

Fremur hátt hlutfall dómareifana sem hér birtast fjallar um kærumál vegna ákvarðana um brottvísun hælisleitenda eða annarra útlendinga og álítaefni sem því tengjast um brot aðildarríkja á 3. gr. sáttmálans um bann við pyndingum og 8. gr. um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Þetta endurspeglar fjölgun kærumála af þessu tagi og jafnframt að í æ ríkara mæli reynir á heimildir sem dómstóllinn hefur sett í 39. gr. málsmeðferðarreglna sinna um að stjórnvöld fresti framkvæmd brottvísunar á meðan kærana er til umfjöllunar hjá honum.

Af málum sem fróðleg eru til skoðunar og kunna að hafa áhrif fyrir beitingu íslenskra réttarreglna má nefna dóm í máli Orr gegn Noregi frá 15. maí 2007. Þar reyndi á álítaefni um 2. mgr. 6. gr. sáttmálans í máli kæranda sem hafði verið dæmdur til greiðslu skaðabóta fyrir kynferðisbrot, þrátt sýknu af ákæru um brotið. Í dómi Mannréttindadómstólins er sérstaklega sett út á orðalag norska dómstólsins varðandi grundvöll skaðabótaskyldunnar en í raun hafi þar verið vísað til allra efnisþátta nauðgunarbrotis og orðaval að öðru leyti með þeim hætti að háttsemi kæranda var lýst sem refsiverðri. Var það talið hafa brotið gegn rétti kæranda til að teljast saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum samkvæmt 2. mgr. 6. gr. Þessi dómur minnir á að dómstólum og stjórnvöldum ber að vanda til orðavals og leggja ekki til grundvallar við ákvörðun um réttindi manns og skyldur að hann hafi gerst sekur um refsivert brot þegar slík sekt er ekki sönnuð fyrir dómstóli. Það útilokar þó ekki að bótaábyrgð geti skapast á grundvelli almennra skaðabótareglna. Glöggt dæmi um það má einmitt sjá í dómi í Hrd. 2005, bls. 3465 en þar voru fjórir menn dæmdir til að greiða konu miskabætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna ólögmeðrar meingerðar og brots gegn frelsi hennar og persónu, en saksókn á hendur þeim vegna kæru um nauðgun hafði verið látin falla niður vegna ágalla á rannsókn.

Samkvæmt ársskýrslu Mannréttindadómstólsins fyrir árið 2007 bárust dómstólum nú kærur á hendur íslenska ríkinu fyrir brot á ákvæðum sáttmálans, en árið áður voru þær fjórtán. Málum sem berast dómstólum gegn aðildarríkjum fjölga enn stöðugt og á síðasta ári voru þau 41 þúsund talsins. Á sama tíma kvað dómstóllinn upp 1503 dóma og vísaði frá ríflega 27 þúsund kærur. Um síðustu áramót biðu um 103 þúsund mál eftir afgreiðslu dómstólsins. Enn stendur á því að 14. viðauki við sáttmálann taki gildi þar sem eitt aðildarríki, Rússland, hefur ekki fullgilt hann. Þetta hindrar að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á málsmeðferðarreglum dómstólsins til að auka afköst hans svo vinna megi á málafjöldanum. Á sama tíma er Rússland það ríki sem langflest kærumálin varða, en árið 2007 bárust um 9.500 kærur á hendur rússneska ríkinu til dómstólsins eða um fjórðungar allra kærumála

ársins. Allar stofnanir Evrópuráðsins og einnig forseti Mannréttindadómstólsins, hafa ákallað rússnesk stjórnvöld að fullgilda viðaukann en án árangurs. Það er með öllu óásættanlegt að eitt af 47 aðildarríkjum Mannréttindasáttmálans geti með þessu móti árum saman hindrað að umbætur nái fram að ganga. Nú er svo komið að málafljódi og skipulagsvandi dómstólsins er orðinn svo umfangsmikill að ætla má að 14. viðauki dugi tæpast til að vinna bug á honum. Innan Evrópuráðsins er þegar byrjað að ræða hvort rétt sé að endurskipuleggja starfsemi dómstólsins frá grunni, en óvíst er hvaða leiðir verða farnar í þeim efnum.

Þrjú laganemar við lagadeild Háskóla Íslands önnuðust reifanirnar, þeir Hafsteinn Dan Kristjánsson, Íris Lind Sæmundsdóttir og María Rún Bjarnadóttur. Nokkrar breytingar hafa orðið á ritnefnd blaðsins en um síðustu áramót létu Oddný Mjöll Árnadóttir prófessor og Skúli Magnússon dósent og skrifstofustjóri við EFTA-dómstólinn af störfum. Eru þeim færðar þakkir fyrir góð störf og ánægjulegt samstarf. Í ritnefndinni hafa nú tekið sæti Arnar Þór Stefánsson hdl. og Hrafn Bragason fyrrverandi hæstaréttardómari og eru þeir boðnir velkomnir til starfa.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit
1. hefti 2008 (janúar – júní)

2. gr. Réttur til lífs	7
Budayeva o.fl. gegn Rússlandi. Dómur frá 20. mars 2008	
Náttúruhamfarir. Athafnaleyssi stjórnvalda.	
<i>Skylda til að láta fara fram rannsókn</i>	7
3. gr. Bann við pyndingum	12
Kafkaris gegn Kýpur (sjá reifun undir 7. gr.).....	12
Saadi gegn Ítalíu. Dómur frá 28. febrúar 2008	
<i>Útlendingar. Brottvísun. Pyndingar og ómannúðleg meðferð.</i>	12
Nnyanzi gegn Bretlandi . Dómur frá 8. apríl 2008	
<i>Útlendingar. Hælisúmsókn. Brottvísun.</i>	15
N gegn Bretlandi. Dómur frá 27. maí 2008	
<i>Útlendingar. Hælisúmsókn. Brottvísun.</i>	18
Kotsaftis gegn Grikklandi. Dómur frá 12. júní 2008	
<i>Fangar. Ómannúðleg meðferð.</i>	21
Gäfgen gegn Pýskalandi (sjá reifun undir 6. gr.)	23
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	24
Saadi gegn Bretlandi. Dómur frá 29. janúar 2008	
<i>Hælisleitendur. Varðhald. Upplýsingar um ástæður handtöku</i>	24
Kafkaris gegn Kýpur (sjá reifun undir 7. gr.).....	26
Shtukurov gegn Rússlandi (sjá reifun undir 6. gr.)	26
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	27
Shtukurov gegn Rússlandi. Dómur frá 27. mars 2008	
<i>Lögræðissvipting. Réttur til að fá ákvörðun um frelsissviptingu endur</i> <i>skoðaða. Jafnræði aðila í dómsmáli. Raunhæfur kæruréttur</i> <i>til Mannréttindadómstólsins.</i>	27
Orr gegn Noregi. Dómur frá 15. maí 2008	
<i>Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð</i>	31
Gäfgen gegn Pýskalandi. Dómur frá 30. júní 2008	
<i>Óflun sönnunargagna með ólöglegum hætti. Ómannúðleg meðferð.</i> <i>Réttur til að færa fram varnir í sakamáli. Staða polanda brots</i> <i>á sáttmálanum</i>	32

7. gr. Engin refsing án laga	36
Kafkaris gegn Kýpur. Dómur frá 12. febrúar 2008	
Fullnusta refsidóms. Skýrar lagaheimildir.	
<i>Afturvirkni ákvörðunar um refsiviðurlög</i>	36
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	39
Hadri-Vionnet gegn Sviss. Dómur frá 14. febrúar 2008	
<i>Börn. Meðferð látins manns. Málsmeðferð samkvæmt lögum</i>	39
Budayeva o.fl. gegn Rússlandi (sjá reifun undir 2. gr.).....	40
Shtukaturov gegn Rússlandi (sjá reifun undir 6. gr.)	40
Nyanzi gegn Bretlandi (sjá reifun undir 3. gr.)	40
McCann gegn Bretlandi. Dómur frá 13. maí 2008	
<i>Félagslegt húsnæði. Útburður. Málsmeðferð stjórnvalda.</i>	
<i>Friðhelgi heimilis.</i>	41
Maslov gegn Austurríki. Dómur frá 23. júní 2008	
<i>Útlendingar. Brottvísun</i>	43
10. gr. Tjáningarfrelsi	46
July og Sarl Liberation gegn Frakklandi. Dómur frá 14. febrúar 2008	
<i>Meiðyrði. Fjölmiðlar. Umfjöllun um embættismenn</i>	46
Kulis gegn Póllandi. Dómur frá 18. mars 2008	
<i>Meiðyrði. Fjölmiðlar. Stjórnámálamenn. Gildisdómar.</i>	48
13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns	51
Budayeva o.fl. gegn Rússlandi (sjá reifun undir 2. gr.).....	51
14. gr. Bann við mismunun	52
E.B. gegn Frakklandi. Dómur frá 22. janúar 2008	
<i>Börn. Ættleiðingar. Mismunun vegna samkyhnheigðar</i>	52
Kafkaris gegn Kýpur (sjá reifun undir 7. gr.).....	54
Burden gegn Bretlandi. Dómur frá 29. apríl 2008	
<i>Skattlagning. Mismunun á grundvelli sambúðarforms</i>	54
34. gr. Kærur einstaklinga	56
Shtukaturov gegn Rússlandi (sjá reifun undir 6. gr.)	56
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	57
Budayeva o.fl. gegn Rússlandi (sjá reifun undir 2. gr.).....	57
Burden gegn Bretlandi (sjá reifun undir 14. gr.).....	57

2. gr. Réttur til lífs

Budayeva o.fl. gegn Rússlandi

Dómur frá 20. mars 2008

Mál nr. 15339/02, 21166/02, 20058/02, 116730/2 og 15343/02

2. gr. Réttur til lífs

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Náttúruhamfarir. Athafnaleysi stjórnvalda. Skylda til að láta fara fram rannsókn.

1. Málsatvik

Kærendur, Khalimat Budayeva (f. 1961), Fatima Atmurzayeva (f. 1963), Raya Shogenova (f. 1953), Nina Khakhlova (f. 1955), Andrey Shishkin (f. 1958) og Irina Shishkin (f. 1955), eru rússneskir ríkisborgarar. Shogenova býr í Nalchik en aðrir kærendur í bænum Tyrnauz, sem er í fjallahéraði nærri Elbrus-fjalli í Rússlandi. Aurskriður hafa fallið þar í héraðinu árlega allt frá 1937, einkum að sumarlagi. Málið lýtur að ásökunum kæranda um að rússnesk yfirvöld hafi ekki brugðist við viðvörunum um hættu á stórri aurskriðu sem lagði Tyrnauz í rúst í júlímánuði árið 2000 og í samræmi við það varað íbúa við, flutt þá brott og fylgt reglum um neyðarástand og eftir að hamfarirnar höfðu riðið yfir að láta ekki fara fram opinbera rannsókn á atriðum tengdum ásökunum kæranda um vanrækslu stjórnvalda.

Að morgni 18. júlí 2000, um kl. 11, skall aurflóð á bæinn Tyrnauz og færði hluta íbúabygðarinnar í kaf. Að sögn kæranda var engin viðvörun gefin fyrirfram og þeim tókst með naumindum að sleppa lifandi. Fatima Atmurzayeva og dóttir hennar festust í aurnum þegar þær reyndu að komast undan. Við það slösudust þær og hlutu alvarleg meiðsl. Um leið og aurskriðan skall á glumdu viðvörunarhljóð í hátalarakerfi. Kærendur héldu því hins vegar fram að ekkert björgunarlið né önnur neyðaraðstoð hefði verið nærri. Að morgni 19. júlí 2000 rénaði aurflóðið. Nokkrir íbúanna sneru þá á ný til heimila sinna en engar hindranir, lögregla né aðrir aðilar voru á staðnum til að stöðva þau. Meðal þeirra sem sneru aftur var Khalimat Budayeva og fjölskylda hennar. Þeim höfðu ekki borist neinar fréttir af fyrirskipun um að allir skyldu yfirgefa svæðið. Um eittleytið sama dag féll önnur og kraftmeiri aurskriða á bæinn. Budayeva og elsti sonur hennar náðu að komast undan. Yngri syni hennar var bjargað en hann hlaut alvarlegan mænuskaða. Eiginmaður hennar, Vladimar Budayev, sem hafði verið eftir til að hjálpa tengdafaforeldrum sínum lét lífið er íbúðarhúsnæði þeirra hrundi.

Í kjölfarið féll röð aurskriða á bæinn fram til 25. júlí 2000. Átta einstaklingar voru skráðir látnir en kærendur héldu því fram að níttján manns til viðbótar væri saknað. Allir kærendur héldu því fram að heimili þeirra og eignir hefðu eyðilagst og að lífsskilyrði þeirra og heilsa væri verri eftir hamfarirnar. Sumir kærendur þjáðust af þunglyndi og hefðu þurft á sálfræðiaðstoð og annarri lækniáðstoð að halda.

2. gr. Réttur til lífs

Rússnesk stjórnvöld héldu því fram að ekki hefði verið hægt að sjá fyrir hinn mikla kraft aurskriðanna eða stöðva þær. Eftir fyrstu aurskriðuna þann 18. júlí hefðu yfirvöld fyrirskipað neyðarbrotttflutning frá Tyrnauz. Lögregla og staðaryfirvöld hefðu hringt á heimili fólks til að láta vita af aurskriðunni og hjálpað öldruðum og fítludum að yfirgefa staðinn. Auk þess hefðu lögreglubifreiðar útbúnar hátölurum keyrt um bæinn og kynnt fyrirskipunina um brottflutninginn. Þeir íbúar sem sneru á ný til heimila sinna hefðu gert það þvert á þær fyrirskipanir. Gripið hefði verið til allra nauðsynlegra aðgerða til að bjarga fórnarlömbunum, koma íbúum fyrir á öðrum stað og koma neyðarbirgðum til þeirra.

Hinn 3. ágúst 2000 ákvað saksóknaraembættið í Elbrus-héraði að hefja ekki sakamálarannsókn á hamförunum eða dauða Budayev en skráð var að hann hefði látist af slysförum.

Kærendur fengu samkvæmt ákvörðun staðaryfirvalda ókeyppis húsnæði í stað hins gamla og neyðarfjárstuðning í formi einnar heildargreiðslu, þ.e. 13.200 rúblur sem á þeim tíma jafngilti nokkurn veginn 530 evrum.

Kærendur fóru í kjölfarið í skaðabótamál. Kröfum þeirra var hafnað á þeim grundvelli að yfirvöld hefðu gripið til allra aðgerða sem sanngjarnt væri að ætlast til af þeim til að draga úr hættunni á aurskriðu. Ennfremur komust rússneskir dómstólar að því að íbúar á svæðinu hefðu verið upplýstir um áhættuna af mögulegri aurskriðu af fjölmiðlum. Kærendur voru ósammála þessari niðurstöðu. Þeir ásókuðu yfirvöld um þrenns konar ágalla á viðbúnaði þeirra vegna náttúruhamfara í Tyrnauz. Í fyrsta lagi að yfirvöld hefðu ekki sinnt viðhaldi á varnargarði sem hafði skemmt árið 1999. Í öðru lagi kvörtuðu þau yfir skorti á opinberum viðvörnum sem hefðu getað komið í veg fyrir mannskaða og líkamstjón. Að lokum kvörtuðu þau yfir því að engin rannsókn hefði átt sér stað til að meta skilvirkni aðgerða yfirvalda fyrir og á meðan á hamförunum stóð.

Til stuðnings ásökunum sínum lögðu kærendur fram blaðagreinar sem höfðu m.a. að geyma viðtal við sérfræðing sem sakaði yfirvöld um stórkostlega vanrækslu, vitnaskýrslur frá fjölskyldum og nágrönnum kæranda sem einnig voru fórnarlömb aurskriðanna, opinber bréf og skjöl sem sönnuðu að engum fjármunum hefði verið varið af fjárhagsáætlun héraðsins til að gera við hinn skemmda varnargarð frá 1999 og á milli 30. ágúst 1999 og 7. júlí 2000 hefðu yfirvöld fengið fjölda viðvarana um yfirvofandi hættu frá opinberri stofnun sem hefði það hlutverk að hafa eftirlit með veðurvá. Í viðvörnum sínum hefði stofnunin lagt til að gert yrði við mannvirkni og eftirlitsstöðvar settar upp til að auðvelda brottflutning íbúa ef aurskriða myndi falla. Ein af síðustu viðvörnum fól í sér að ef ekki yrði gripið til tafarlausra aðgerða væri m.a. hæta á mannskaða.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn réttindum þeirra samkvæmt 2. gr. um rétt til lífs, 8. gr. um friðhelgi einkalífs og heimilis, 13. gr. um rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og 1. gr. 1. viðauka um friðhelgi

2. gr. Réttur til lífs

eignarréttar, vegna þess að rússneska ríkinu mistókst að draga úr áhrifum aurskriðanna frá 18. til 25. júlí 2000. Með því hefði lífi þeirra verið stofnað í hættu og rússneska ríkið bæri einnig ábyrgð á dauða herra Budayev og eyðileggingu á heimilum þeirra. Kærendur héldu því jafnframt fram, að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans með því að rússneska ríkið hefði brugðist skyldu sinni um að láta fara fram opinbera rannsókn á málinu.

Niðurstaða

Um 2. gr.: Dómstóllinn skoðaði tvö meginálitaefni varðandi 2. gr. Fyrra álitaefnið tengdist ófullnægjandi viðhaldi rússneskra stjórnvalda á aurskriðuvarnargarði og vanrækslu þeirra að koma ekki á fót viðvörunarkerfi.

Óumdeilt var að bærinn Tyrnauz væri á svæði þar sem hættu væri á aurskriðum á sumrin og miðað við varnaráætlanir sem gerðar hefðu verið gátu báðir aðilar getað séð fyrir að líklegt væri að aurskriða myndi falla sumarið 2000. Aðilar voru hins vegar ósammála um hvort yfirvöld gátu séð fyrir að aurskriðan í júlí 2000 myndi valda meiri eyðileggingu en venjulega. Dómstóllinn benti á að yfirvöldum barst fjöldi viðvarana árið 1999 sem hefði átt að gera þeim ljóst að hættu væri á stórrí aurskriðu. Í raun mátti yfirvöldum vera ljóst að hvaða aurskriða sem var gæti haft alvarlegar afleiðingar þar sem varnargarðurinn var í ólagi. Þá lá fyrir til hvaða aðgerða þyrfti að grípa og hversu mikið lægi á. Engin útskýring var veitt af hálfu rússneska ríkisins á því af hverju ekki var gripið til aðgerða til samræmis við ráðleggingar. Með hliðsjón af þeim skjölum sem voru lögð fyrir dómstóllinn um að engum fjármunum hefði verið varið í að gera ráðlagðar úrbætur gat dómstóllinn aðeins komist að þeirri niðurstöðu að ósk um úrbætur á varnargarði hefði ekki fengið nægilega athygli hjá þeim aðilum sem málið varðaði og þeim sem færu með fjárstjórnarvald í héraðinu. Við þessar kringumstæður hefðu yfirvöld átt að viðurkenna líkindi á aurskriðu og grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja öryggi íbúa, vara almenning við og hefja viðeigandi aðgerðir fyrir neyðarbrottf lutning.

Kærendur héldu því stöðugt fram, og rússneska ríkið viðurkenni það, að íbúar svæðisins hefðu ekki fengið neina viðvörun um aurskriðu áður en hún lenti á bænum 18. júlí 2000. Ennfremur studdu skýrslur af vitnum, sem kærendur lögðu fyrir dóminn, þá ásökun að engin fyrirskipun um brottflutning var gefin út 19. júlí 2000. Í ljósi þess að rússneska ríkið hefði ekki útskýrt nákvæmlega hvernig staðið var að fyrirskipun um brottflutning og kynningu á henni taldi dómstóllinn að aðeins væri hægt að álykta að íbúar svæðisins hefðu ekki fengið vitneskju um hana.

Þá hefðu engar eftirlitsstöðvar verið settar upp eins og yfirvöldum var bent á að gera. Þar af leiðandi höfðu yfirvöld engin úrræði til að áætla tímasetningar eða stærð aurskriðanna eða hve lengi þær myndu vara og gátu því hvorki veitt fyrirfram viðvörun né framkvæmt fyrirskipun um brottflutning með skilvirkum hætti. Loks hafði rússneska ríkið ekki bent á neinar aðrar tiltækar lausnir til að tryggja öryggi íbúa svæðisins eða sérstakar öryggisráðstafanir. Einu ráðstafanirnar sem voru fyrir hendi var hinn laskaði varnargarður. Yfirvöld hefðu þannig ekki gripið til neinna aðgerða til að verjast aurskriðum fyrr en daginn eftir að fyrsta skriðan féll.

2. gr. Réttur til lífs

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekkert gæti réttlætt það að rússneska ríkið gerði engar öryggisráðstafanir í grennd við Tyrnauz í tengslum við þá hættu sem vofði yfir íbúum, kærendum þar á meðal. Ennfremur komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að alvarlegir ágallar í stjórnsýslumeðferð hefðu hindrað framkvæmd þessara reglna um öryggisráðstafanir og átt þátt í dauða Vladimir Budayev og áverkum eiginkonu hans og áverkum Fatimu Atmurzayeva og fjölskyldu hennar. Rússneska ríkið brást þar af leiðandi þeirri skyldu sinni að koma á laggirnar laga- og stjórnsýsluskipulagi sem drægi úr áhrifum þeirrar hættu sem stöðjaði að rétti borgaranna til lífs. Því hefði verið brotið gegn 2. gr. um rétt til lífs.

Síðara meginálítaefnið sneri að viðbrögðum réttarkerfisins við hamförunum.

Innan við viku eftir hamfarirnar hafði saksóknaraembætti ákveðið að saka-málarannsókn í tengslum við dauða Vladimir Budayev skyldi ekki fara fram. Rannsókn embættisins á dauða hans var takmörkuð við dánarorsök en ekki var farið ofan í þau álitæfni hvort yfirvöld bæru ábyrgð á dauða hans eða hefðu fylgt öryggisreglum. Þessi álitæfni komu heldur ekki til skoðunar í neinni annarri rannsókn. Í raun var ekki gripið til neinna aðgerða varðandi fjölda kvartana um óvið-unandi viðhald á varnargarðinum né vegna þeirra mistaka yfirvalda að koma ekki upp viðvörðunarkerfi.

Skaðabótakröfu kæranda var vísað frá rússneskum dómstólum vegna þess að þeim hafði ekki tekist að sýna fram á hvernig vanræksla ríkisins olli þeim tjóni umfram það sem orsakaðist af náttúruhamförunum. En þeirri spurningu var aðeins hægt að svara með flókinni sérfræðirannsókn og staðfestingu á staðreyndum sem aðeins yfirvöld höfðu aðgang að. Kærendur hefðu því þurft að leggja fram sönnunargögn sem þeim var ókleift. Rússneskir dómstólar nýttu ekki heldur möguleika sína til að sannreyna staðreyndir málsins. Þeir kölluðu ekki fyrir nein vitni né leit-uðu eftir sérfræðiáliti. Tregða rússneskra dómstóla til að sannreyna staðreyndir málsins var ekki réttlætánleg í ljósi þeirra sönnunargagna sem kærendur lögðu fram en á meðal þeirra var skýrsla sem gaf til kynna að vissir opinberir aðilar væru sömu skoðunar og kærendur.

Í ljósi þessa komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að álitæfnið um ábyrgð rússneskra yfirvalda á slysinu í Tyrnauz hefði aldrei verið rannsakað eða skoðað innan rússneska réttarkerfisins eða stjórnsýslunnar. Með þessu hefði verið brotið gegn 2. gr. sáttmálans um rétt til lífs.

Um 1. gr. 1. viðauka: Óljóst var talið að hvaða marki viðunandi viðhald á varnargarðinum hefði getað dregið úr afleiðingum af svona miklu aurflóði. Ekki var heldur sannað að viðvörðunarkerfi hefði getað hindrað tjón á heimilum og eigum kæranda. Skemmdir vegna aurskriðanna var af þessum sökum ekki hægt að rekja, svo hafið væri yfir vafa, til vanrækslu rússneska ríkisins. Dómstóllinn taldi að gera yrdi greinarmun á jákvæðum skyldum ríkisins samkvæmt 2. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. viðauka, sérstaklega þegar um náttúruhamfarir væri að ræða. Ennfremur taldi dómstóllinn að ekki væri hægt að leggja skyldu ríkis til að bæta að fullu markaðs-virði eyðilagðra eigna að jöfnu við skyldu þess til að vernda eignir. Skoða þyrfti

2. gr. Réttur til lífs

Þær bætur sem voru veittar í ljósi allra ráðstafana sem yfirvöld hefðu gripið til, hve margslungin aðstaðan var, fjölda eigenda og efnahagslegra, félagslegra og mannúðlegra álitafna sem tengdust aðstoð í kjölfar hamfaranna. Í því ljósi taldi dómstóllinn að bætur fyrir hús kæranda hefðu ekki verið í ósamræmi við það tjón sem þeir urðu fyrir. Þegar hafður væri í huga fjöldi fórnarlamba og umfang neyðar- aðstoðarinnar voru efri mörk þeirra bóta sem voru greiddar, 13.200 rúblur, réttlætun- legar. Aðgangur að þeim bótum hefði verið beinn og sjálfvirkur og ekki hefði þurft að standa í erfiðum málaferlum til að nálgast þær né hefði þurft að sanna nákvæmt tjón. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þau skilyrði sem giltu um bóta- greiðslur til fórnarlamba aurskriðanna hefðu ekki lagt óeðlilega byrði á kærendur. Ekki hefði því verið brotið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi að engin sérstök álitafni væru uppi samkvæmt 13. gr. sáttmálans í tengslum við 2. og 8. gr. Í ljósi niðurstöðu dómstólsins um 1. gr. 1. viðauka sáttmálans taldi dómstóllinn að synjun rússneska ríkisins á að veita frekari bætur væri ekki brot gegn 13. gr. Dómstóllinn sá engin önnur álitamál tengd einkamáli kæranda gegn rússneska ríkinu sem gætu talist brot gegn 13. gr. í tengslum við 1. gr. 1. viðauka.

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi ekki nauðsynlegt að skoða nein sérstök álitafni í tengslum við 8. gr.

Með vísan í 41. gr. sáttmálans voru Khalimat Budayeva dæmdar 30.000 evrur í miskabætur, Fatimu Atmurzayeva dæmdar 15.000 evrur og aðrir kærendur fengu dæmdar 10.000 evrur hver.

3. gr. Bann við pyndingum

Kafkaris gegn Kýpur

Dómur frá 12. febrúar 2008 - Yfirdeild

Sjá reifun dómsins undir 7. gr.

Fullnusta refsisdóms. Skýrar lagaheimildir. Afturvirkni ákvörðunar um refsiviðurlög.

Saadi gegn Ítalíu

Dómur frá 28. febrúar 2008 – Yfirdeild

Mál nr. 37201/06

3. gr. Bann við pyndingum

Útlendingar. Brottvísun. Pyndingar og ómannúðleg meðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Nassim Saadi, er túnískur ríkisborgari, fæddur árið 1974 og búsettur á Ítalíu. Hann á átta ára gamlan son með þarlandri konu.

Ekki er ljóst hvenær kærandi kom til Ítalíu. Þó er vitað að hann kom þangað frá Frakklandi einhvern tíma á árunum 1996 til 1999. Árið 2001 fékk hann tímabundið dvalarleyfi á Ítalíu fram til október 2002 vegna fjölskylduáðstæðna. Í sama mánuði og dvalarleyfi hans rann út var hann handtekinn og ákærður vegna gruns um aðild að alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og að hann stæði að undirbúningi sprengjuárása í löndum utan Ítalíu auk gruns um skjalafals og vörslu þýfis. Í maí árið 2005 var hann sakfelldur fyrir umfangsmikla fölsunarstarfsemi, vörslu þýfis og glæpsamlegt samsæri. Hann var dæmdur til fjögurra og hálfis árs fangelsisvistar, en auk þess skyldi honum vísað úr landi eftir afplánun fangelsisdómsins. Í rökstuðningi sínum taldi dómstóllinn ekki fullnægjandi sannanir fyrir því að kærandi gæti hafa talist sekur um alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi. Þótt gögn málsins bentu til þess að hann hefði aðhyllst íslamska bókstafstrú, varð ekki af þeim ráðið að hann hefði haft ásetning til að framkvæma eða skipuleggja ofbeldisverk í tengslum við trú sína. Bæði ákærvaldið og kærandi áfryjuðu málinu. Málsmeðferð áfryjunardómstólsins átti að hefjast í október árið 2007. Tveimur dögum eftir að dómur undirréttar gekk í máli kæranda, komst herréttur í Túnis að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði gerst sekur um aðild að alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum og hvatningu til hryðjuverka og dæmdi hann til 20 ára fangelsisvistar. Meðferð málsins og uppkvaðning dómsins í Túnis fór fram að kæranda fjarstöddum.

Þann 4. ágúst 2006 var kærandi leystur úr haldi á Ítalíu. Fjórum dögum síðar krafðist innanríkisráðuneytið þess að honum yrði vísað úr landi til Túnis. Kærandi óskaði þá eftir pólitísku hæli á Ítalíu, enda hefði hann verið dæmdur til fangelsisvistar í Túnis fyrir stjórnmálaskoðanir sínar að honum fjarverandi og óttaðist hann

3. gr. Bann við pyndingum

að verða látinn sæta pyndingum vegna stjórnmálaskoðana sinna og trúar. Umsókn hans um hæli var hafnað þann 14. september á þeim grundvelli að hann teldist ógna öryggi ríkisins. Sama dag sendi kærandi kæru til Mannréttindadómstólsins vegna málsins. Á grundvelli 39. gr. málsmeðferðarreglna Mannréttindadómstólsins um bráðabirgðarástafanir óskaði dómstóllinn eftir því að ítalska ríkið frestaði brottvísun kæranda úr landi. Ekki var heimilt að halda kæranda vegna yfirvofandi brottvísunar úr landi lengur en þar til í byrjun október 2007.

Þegar frönsk stjórnvöld óskuðu framsals á kæranda til Frakklands var hann aftur settur í varðhald. Kærandi óskaði þá að nýju eftir pólitísku hæli á Ítalíu, en var synjað. Í nóvember 2006 var kæranda sleppt úr haldi, enda lá ljóst fyrir að ekki væri heimilt að framselja hann til Frakklands á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Honum var þó gert að mæta þrisvar í viku á lögreglustöð í borginni þar sem hann bjó og bannað að fara frá Ítalíu.

Í maí 2007 óskaði ítalska sendiráðið í Túnis eftir afriti af dóminum yfir kæranda frá yfirvöldum í Túnis. Jafnframt var óskað eftir staðfestingu á því að ef kærandi sætti brottvísun til Túnis, myndi hann ekki sæta meðferð sem bryti í bága við 3. gr. sáttmálans, auk yfirlýsingar þess efnis að sneri kærandi aftur til Túnis yrði mál hans endurupptekið og honum tryggð réttlát málsmeðferð. Utanríkisráðherra Túnis svaraði fyrirspurninni í júlí sama ár með þeim hætti að hann féllist á að túnískir ríkisborgarar sem sættu fangelsisvist í öðrum ríkjum væru sendir til Túnis, enda væri staðfest hvaða einstaklingar væru þar á ferð. Hann tilkynnti jafnframt að löggjöf í Túnis tryggði réttindi fanga og réttláta málsmeðferð fyrir dómi og að Túnis hefði í heiðri þær alþjóðlegu skuldbindingar og sáttmála sem málið vörðuðu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að hann myndi sæta pyndingum og ómannúðlegri meðferð sem færi í bága við 3. gr. sáttmálans yrði hann sendur til Túnis. Hann taldi sig jafnframt hafa verið beittan alvarlegu óréttlæti sem væri andstætt 6. gr. sáttmálans, þegar túnískur herdómstóll sakfelldi hann og dæmdi til fangelsisvistar að honum fjarstöddum. Kærandi taldi að brottvísun hans frá Ítalíu bryti í bága við 8. gr. sáttmálans, enda myndi hún svipta hann og fjölskyldu hans möguleika á samveru og stuðningi hans við fjölskylduna. Hann vísaði jafnframt til 1. gr. 7. viðauka við sáttmálann um réttarfarsreglur um brottvísun útlendinga og taldi brottvísun sína hvorki nauðsynlega með vísan til almannahagsmuna né byggða á sjónarmiðum um þjóðaröryggi.

Niðurstaða

Deild dómstólsins ákvað þann 29. mars 2007 að eftirláta yfirdeild lögsögu í málinu samkvæmt 30. gr. sáttmálans. Við meðferð málsins bárust athugasemdir frá breska ríkinu með vísan til 2. mgr. 36. gr. sáttmálans og 2. mgr. 44. gr. málsmeðferðarreglna dómstólsins, til stuðnings athugasemdum ítalska ríkisins.

3. gr. Bann við pyndingum

Um 3. gr.: Í athugasemdum frá breska ríkinu, sem tekið var undir í athugasemdum frá ítalska ríkinu, var talið að dómstóllinn þyrfti að líta til þeirrar ógnar sem ríkjum stafaði af hryðjuverkum og einstaklingum sem fremdu slíka glæpi. Dómstóllinn leit ekki framhjá því að erfitt gæti verið fyrir ríki að tryggja öryggi borgara sinna gagnvart hryðjuverkum. Hins vegar taldi dómstóllinn ekki hægt að vegna og meta sjónarmið sem lytu að vernd borgara fyrir hryðjuverkum annars vegar og mögulegar pyndingar einstaklinga í kjölfar brottvísunar hins vegar. Réttindi sem tryggð væru í 3. gr. sáttmálans væru þess eðlis að þar væri ekki hægt að gera mála-miðlanir. Í þessu fælist að teldist líklegt að kærandi myndi sæta pyndingum yrði honum vísað úr landi, væri það nægilegt til þess að slíkt væri brot á 3. gr. sáttmálans. Í gögnum sem lögð voru fyrir dómstóllinn kom fram það mat nokkurra mannréttindasamtaka að pyndingar væru stundaðar í Túnis á þeim sem grunaðir væru um brot á þeim lögum sem kærandi var sakfelldur fyrir að brjóta. Sama álit kom fram í skýrslum bandarískra stjórnvalda sem lagðar voru fyrir dómstóllinn. Í fyrirliggjandi gögnum mátti finna lýsingar á meintum pyndingum í túnískum fangelsum, meðal annars voru fangar látnir hanga á hvolfi niður úr lofti fangaklefa, höfði þeirra dýft ofan í vatn, þeim hótað og ógnað með nauðgunum og raflosti, þeir barðir og drepið í sígarettum á hörundi þeirra. Í þessum skýrslum var því haldið fram að túnísk stjórnvöld rannsökuðu ekki ásakanir um illa meðferð og pyndingar með fullnægjandi hætti, sinnu ekki kvörtunum sem þeim bærust og að játningar sem fengist hefðu með pyndingum væru jafnan notaðar í dómsmálum.

Dómstóllinn efaðist ekki um sannleiksgildi þessara gagna, auk þess sem ítalska ríkið hafði ekki lagt fram nein gögn til þess að hrekja þessar staðhæfingar. Með vísan til atvika málsins taldi dómstóllinn leiddar að því líkur að raunveruleg hætta væri á því að kærandi myndi sæta pyndingum í kjölfar brottvísunar til Túnis. Dómstóllinn leit ennfremur til þess að stjórnvöld í Túnis hefðu ekki veitt ítölskum stjórnvöldum tryggingu fyrir því að kærandi myndi ekki sæta pyndingum þar, eins og ítalska ríkið hafði þó óskað eftir í maí 2007. Varðandi þau svör sem ítalska ríkinu bárust taldi dómstóllinn vísan utanríkisráðherra Túnis til þarlendrar laga og alþjóðlegra skuldbindinga ríkisins ekki fullnægjandi til þess að kærandi nyti verndar fyrir ómannúðlegri meðferð, enda lægi það fyrir í gögnum frá áreiðanlegum heimildum að ítrekuð brot gegn grundvallaratriðum sáttmálans hefðu átt sér stað í Túnis. Í því samhengi tók dómstóllinn fram að hefðu stjórnvöld í Túnis veitt ítölskum yfirvöldum tryggingu eftir diplómatisikum leiðum fyrir því að kærandi myndi ekki sæta pyndingum, kæmi það ekki í veg fyrir þá skyldu dómstólsins að kanna hvort slíkar tryggingar ættu sér trausta stoð í raunveruleikanum.

Dómstóllinn komst því að niðurstöðu um að ef kærandi yrði sendur aftur til heimalands síns, myndi það fela í sér brot á 3. gr. sáttmálans.

Um 6. gr., 8. gr. og 1. gr. 7. viðauka: Með vísan til niðurstöðu sinnar varðandi 3. gr. taldi dómstóllinn ekki þörf á að kanna hvort brotið hefði verið gegn öðrum greinum sáttmálans, enda taldi dómstóllinn ekki annað líklegt en að ítalska ríkið myndi framfylgja niðurstöðu dómstólsins.

3. gr. Bann við pyndingum

Með vísan til 41. gr. sáttmálans taldi dómstóllinn að niðurstaða dómsins sem slík fæli í sér fullnægjandi miskabætur fyrir kæranda en honum voru dæmdar 8.000 evrir í málskostnað.

Þrír dómara skiluðu séráliti.

Nnyanzi gegn Bretlandi

Dómur frá 8. apríl 2008

Mál nr. 21878/06

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Hælisumsókn. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, Evarista Evelyn Nnyanzi, er ríkisborgari Úganda, fædd árið 1965, og búsett í London. Hún kom til Bretlands frá Úganda 27. september 1998, sótti þar um hæli og hefur dvalist í landinu síðan. Kærandi stundar nám í endurskoðun í London, er virk í kirkjustarfi og á unnusta í Bretlandi. Hún þjáist af astma. Móðir kæranda og yngri systkini eru búsett í Kenýa.

Kærandi er dóttir Evaristo Nnyanzi, fyrrum ráðherra í Úganda og aðalgjaldkera lýðræðisflokksins þar í landi. Árið 1986 var faðir kæranda handtekinn þegar ríkisstjórn hans var steipt af stóli af andspyrnuhreyfingunni í Úganda. Frá árinu 1998 hefur hann setið í gæsluvarðhaldi vegna gruns um föðurlandssvik. Árið 1987 var kærandi handtekin þegar hún gerði tilraun til að heimsækja föður sinn í fangelsi í Úganda. Hún var yfirheyrð og haldið í sólarhring. Kærandi flúði úr haldi eftir að hafa gert sér upp veikindi og fengið leyfi til að leita til læknis. Hún var í felum þar til faðir hennar var leystur úr haldi síðla árs 1987. Í október 1996 var talið að faðir hennar hefði flúið til Kenýa. Kærandi hélt ásamt fjölskyldu til Kenýa en sneri aftur til Úganda í janúar árið 1997. Í lok árs var hún handtekin og yfirheyrð um dvalarstað föður síns og var vegabréf hennar gert upptækt. Kærandi varð sér úti um annað vegabréf í eigin nafni en með röngum fæðingardegum. Í júlí árið 1998 hélt hún aftur til Kenýa en kom fljótt aftur til baka.

Í september árið 1998 keypti kærandi flugmiða til Bretlands og fékk um leið útgefna ferðamannaáritun enda tilgangur ferðarinnar upphaflega ferðalag. Í lok september sama ár gerðu óeinkennisklæddir lögreglumenn húsleit heima hjá kæranda í leit að sönnunargögnum. Í kjölfarið yfirgaf kærandi Úganda og kom til Bretlands þann 27. september s.á. þar sem hún lagði fram hælisumsókn. Rétt rúmu ári síðar, eða þann 21. nóvember 1999, var umsókninni hafnað. Vísað var til þess að hún hefði ekki sjálf tekið virkan þátt í stjórnámálum í Úganda og að á tímabilinu frá því að föður hennar var sleppt úr haldi árið 1987 og þar til húsleit var gerð árið 1998 hefði kærandi ekki átt í teljandi vandræðum í Úganda. Vísað var til þess að kærandi hefði tæpast getað yfirgefið Úganda með hefðbundnum hætti hefðu yfirvöld ætlað að aðhafast eitthvað gegn henni. Kærandi kærði þessa ákvörðun en án árangurs.

3. gr. Bann við pyndingum

Kærandi byggði m.a. á því fyrir breskum yfirvöldum að brottvísun hennar bryti í bága við sáttmálann og innlenda mannréttindalöggjöf en því var hafnað. Í febrúar árið 2005 var hún hneppt í varðhald til að tryggja brottflutning hennar úr landi. Í lok mars árið 2006 var beiðni hennar um sérstaka heimild til dvalar í landinu einnig hafnað. Í kjölfar þess að breskum yfirvöldum var tilkynnt um að Mannréttindadómstóllinn tæki málið fyrir var kærandi leystur úr haldi og veitt tímabundin heimild til að dveljast í landinu. Var það bundið því skilyrði að hún tilkynnti sig til stjórnvalds á tveggja vikna fresti. Þessi ákvörðun var tekin vegna beiðni Mannréttindadómstólsins um bráðabirgðaráðstafanir á grundvelli 39. gr. málsmeðferðarreglna dómstólsins um að kærandi fengi að dveljast í landinu þar til dómstóllinn kæmist að niðurstöðu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brottvísun hennar til Úganda bryti í bága við réttindi hennar samkvæmt 3. gr. sáttmálans um bann við pyndingum, 5. gr. um rétt til frelsis og mannhelgi og 8. gr. um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Niðurstæða

Um 3. gr.: Dómstóllinn benti á að alvarlegasta form ofsókna sem kærandi hefði orðið fyrir í Úganda áður en hún fór til Bretlands, hefði verið handtaka, sólarhringslangt varðhald í kjölfarið ásamt yfirheyrslu. Tekið var fram að því hefði aldrei verið haldið fram að kærandi hefði sætt illri meðferð í varðhaldinu, henni hefði jafnvel verið veitt heimild til að leita lækniástoðar í kjölfar kvartana um veikindi. Af þessum sökum taldi dómstóllinn varðhaldið ekki hafa verið þess eðlis að það félli undir gildissvið 3. gr. sáttmálans. Að mati dómstólsins bar sjálfviljug endurkoma kæranda til Úganda vott um að neikvæð áhrif varðhaldsins væru takmörkuð.

Dómstóllinn benti jafnframt á að fram til ársins 1997 hefðu stjórnvöld ekki haft nein afskipti af kæranda. Að auki hefði hún ekki orðið fyrir neinu áreiti af þeirra hálfu eftir að hún sneri aftur til Úganda í janúar það ár þar til í árslok þegar hin meinta yfirheyrsla hafði átt sér stað. Í kjölfarið hafði kærandi getað orðið sér úti um nýtt vegabréf í eigin nafni, sem gerði henni kleift að ferðast, án nokkurra vandkvæða, til Kenýa í júlí árið 1998 og aftur til Úganda.

Að mati dómstólsins bæru áform kæranda um að halda til Bretlands sem ferðamaður vott um það að hún óttaðist ekki ástandið í Úganda áður en lögreglan birtist á heimili hennar. Einnig var vísað til þess að hvorki kærandi né aðrir fjölskyldumeðlimir virtust hafa sætt illri meðferð á meðan á húsleitinni stóð. Nokkrum dögum síðar tókst svo kæranda, hindrunarlaust að því er virtist, að yfirgefa landið á eigin vegabréfi.

Dómstóllinn vísaði einnig til þess að faðir kæranda hefði verið í varðhaldi í Úganda hátt í tíu ár. Ef það hefði verið vilji stjórnvalda að afla sér frekari upplýsinga um hann frá kæranda þá hefðu þau væntanlega verið búin að gera það áður en þau hnepptu föðurinn í varðhald. Einnig vísaði dómstóllinn til þess að ekki hefðu

3. gr. Bann við pyndingum

verið færð rök fyrir því að kærandi hefði meiri vitneskju um störf föður síns á vettvangi stjórnmalanna en hann sjálfur, sér í lagi þar sem kærandi hefði verið utan landsteinanna í næstum tíu ár.

Með vísan til framangreinds var það mat dómstólsins að engin veruleg rök hefðu verið færð fyrir því að líklegt yrði að stjórnvöld í Úganda myndu skipta sér af kæranda né líkur á að hún yrði áreitt af þeirra hálfu við endurkomu til landsins. Dómstóllinn benti á að kærandi tæki ekki virkan þátt í stjórnmalum í Úganda. Þessu til stuðnings vísaði hann til skýrslna þar sem tekið var fram að jafnvel þeir sem tækju þátt í stjórnmalum að litlu leyti, væru ekki einu sinni í hættu að þessu leyti. Dómstóllinn taldi því enga ástæðu til að ætla að aðili, sem aldrei hefði verið virkur í stjórnmalum, ætti það á hættu að vera áreittur eingöngu á grundvelli þess að ættingi væri viðloðandi stjórnmal. Að teknu tilliti til almenns ástands í Úganda var það álit dómstólsins að engin þungvæg rök hefðu verið færð fyrir því að brottvísun leiddi til þess að kærandi ætti á hættu pyndingar, ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins, að brottvísun kæranda til Úganda leiddi ekki til þess að brotið væri í bága við ákvæði 3. gr. sáttmálans um bann við pyndingum.

Um 5. gr.: Dómstóllinn taldi ekki sérstakt álitaeftni vera uppi um hugsanlegt brot á 5. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi ekki þörf á að ákvarða hvort nám kæranda, þátttaka hennar í kirkjustarfi og samband í ótilgreindan tíma við einstakling af gagnstæðu kyni, teldist vera einkalíf í skilningi 8. gr. sáttmálans. Teldist það vera einkalíf eigi að síður, þá var brottvísun hennar úr landi í samræmi við lög og í þágu lögmæts markmiðs, þ.e. til að viðhalda og framkvæma innflytjendaeftirlit. Hvað varðaði vægi milli nauðsynjar á takmörkun á rétti kæranda til einkalífs og þeirra almannahagsmuna sem fælust í skilvirku innflytjendaeftirliti þá taldi dómstóllinn að brottvísun kæranda gengi ekki of langt til að ná því markmiði. Kærandi var ekki búin að koma sér fyrir með varanlegum hætti og hafði aldrei verið veitt nokkurs konar heimild til að dveljast í Bretlandi. Dvöl í landinu á meðan beðið var niðurstöðu hælisumsóknar hennar og um kröfur hennar um að brotið væri á mannréttindum, hefðu verið á grundvelli tímabundinna heimilda. Brottvísun kæranda í kjölfar niðurstaðna um framangreint hefði ekki verið óhófleg vegna meintra tafa stjórnvalda við málsmeðferðina. Kærandi hafði m.a. haldið því fram að hætta yrði á að brottvísun leiddi til þess að astmaeinkenni hennar myndu aukast verulega, sér í lagi vegna streitu og gæti hugsanlega leitt til neikvæðra áhrifa fyrir líkamlegt og andlegt ástand hennar. Dómstóllinn féllst ekki á að þetta gæti leitt til þess að brotið væri á rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Með vísan til framangreinds var það einróma niðurstaða dómstólsins, að brottvísun kæranda til Úganda leiddi ekki til þess að brotið væri á rétti hennar til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

N gegn Bretlandi

Dómur frá 27. maí 2008 - Yfirdeild

Mál nr. 26565/05

3. gr. Bann við pyndingum

Útlendingar. Hælisúmsókn. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, N, er ríkisborgari Úganda, fædd árið 1974 og búsett í London. Hún er með alnæmi. Þann 28. mars árið 1998 kom kærandi til Bretlands undir fölsku nafni. Hún var alvarlega veik og lögð á sjúkrahús. Þann 31. mars sama ár sótti kærandi um hæli í Bretlandi með vísan til þess að hún hefði þolað illa meðferð í Úganda og verið nauðgað af andspyrnuhreyfingunni þar í landi. Af þeim sökum óttaðist kærandi um líf sitt og öryggi yrði hún endursend þangað.

Í nóvember sama ár hafði heilsu kæranda hrakað og ennfremur var hún greind með alnæmi á alvarlegu stigi. Læknar töldu að án meðferðar væru batahorfur kæranda litlar. Vísuðu þeir til þess að yrði henni gert að snúa aftur til Úganda væri ólíklegt að hún lifði lengur en tólf mánuði í ljósi takmarkaðra möguleika hennar á réttri lækni meðferð. Þann 28. mars 2001 var úmsókn kæranda um hæli hafnað. Vísað var til þess að röksemdir hennar væru ekki trúverðugar, ekki hefðu nægar sannanir verið færðar fyrir því að stjórnmöld í Úganda hefðu afskipti af henni, meðferðarúrræði vegna alnæmis í Úganda væru sambærileg því sem tíðkaðist í öðrum Afríkuríkjum auk þess sem nauðsynleg lyf væru til í Úganda og fengjust m.a. á niðurgreiddu verði. Kærandi kærði þessa niðurstöðu en þann 10. júlí 2002 var kæru hennar varðandi synjun á hæli hafnað. Dómstóll taldi hins vegar rétt að taka til skoðunar röksemdir kæranda fyrir því að brotið yrði gegn 3. gr. sáttmálans yrði henni vísað úr landi. Ráðherra innflytjendamála taldi að hafna ætti kröfum kæranda og vísaði til þess að öll alnæmislyf sem fáanleg væru í gegnum breska heilbrigðiskerfið væru einnig fáanleg í Úganda. Að auki væru lyfin niðurgreidd, m.a. af stofnunun Sameinuðu þjóðanna. Myndi brottvísun kæranda því ekki koma henni í þá aðstöðu að engin meðferðarúrræði stæðu til boða í heimalandinu. Því myndi brottvísun ekki leiða til bráðra líkamlegra og andlegra þjáninga hjá kæranda.

Áfrýjunardómstóll innflytjendamála komst að þeirri niðurstöðu 29. nóvember 2002 að meðferðarúrræði sem hentuðu kæranda væri að finna í Úganda þrátt fyrir að aðgangur að þeim og gæði þeirra væru minni en það sem tíðkaðist í Bretlandi. Kærandi reyndi að fá ákvörðun um brottvísun endurskoðaða en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brottvísun hennar til Úganda myndi leiða til þjáninga og ótímabærs dauða. Það jafnaðist á við ómannúðlega og vanvirðandi meðferð sem bryti í bága við 3. gr. sáttmálans. Að auki taldi kærandi að brotið væri í bága við rétt hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

3. gr. Bann við pyndingum

Niðurstaða

Deild dómstólsins ákvað þann 22. maí 2007 að eftirláta yfirdeildinni lögsögu í málinu með vísan til 30. gr. sáttmálans.

Um 3. gr.: Dómstóllinn vísaði til fyrri fordæma sinna varðandi brottvísun einstaklinga sem héldu því fram að heilsufar þeirra væri það slæmt að brottvísun myndi leiða til þess að brotið væri gegn rétti þeirra samkvæmt 3. gr. sáttmálans. Benti dómstóllinn á að frá því að dómur hans gekk í máli nr. 30240/96, D gegn Bretlandi, þann 1. apríl 1997 hefði hann aldrei komist að þeirri niðurstöðu að brotið væri í bága við 3. gr. Í því máli hefðu atvik máls verið afar sérstök auk þess sem taka hefði þurft sérstakt tillit til knýjandi mannúðlegra sjónarmiða. Ástand D á þeim tíma sem brottvísun var yfirvofandi var talið sérstaklega slæmt og stóð hann frammi fyrir dauðanum. Þá var sýnt fram á að meðferðarúrræði í heimaríki hans voru af skornum skammti auk þess sem hann átti ekki neina ættingja eða vini þar sem reiðubúnir voru að annast hann eða sjá honum fyrir mat, húsnæði eða annarri aðstoð.

Dómstóllinn benti á að innflytjendur sem stæðu frammi fyrir brottvísun ættu að meginstefnu ekki neinn rétt á dvöl í aðildarríki sáttmálans, til þess eins að geta áfram átt greiðan aðgang að aðstoð sem veitt væri af heilbrigðis- og félagskerfi þess ríkis sem hygðist vísa viðkomandi á brott né annars konar þjónustu og aðstoð sem þar væri í boði. Þótt aðstæður kæranda yrðu langtum verri og lífslíkur ekki miklar yrði henni vísað á brott þá leiddi það ekki til þess að brotið væri í bága við 3. gr. sáttmálans. Brottvísun einstaklings sem þjáðist af alvarlegum andlegum eða líkamlegum veikindum til ríkis þar sem meðferðarúrræði væru lakari gæti vakið upp ýmis álitaefni samkvæmt 3. gr. Þess háttar álitaefni gætu hins vegar aðeins orðið til þegar atvik máls væru sérstök og talið yrði að taka þyrfti sérstakt tillit til knýjandi mannúðlegra sjónarmiða eins og gert hefði verið í máli D gegn Bretlandi.

Þrátt fyrir að mörg réttindi sem sáttmálinn tryggði væru félagslegs eða efnahagslegs eðlis, vísaði dómstóllinn til þess að sáttmálanum væri einkum ætlað að tryggja borgaraleg og stjórnómálag réttindi. Með honum væri auk þess leitast við að tryggja jafnvægi milli almannahagsmuna og hagsmuna einstaklinga af því að tryggð yrðu grundvallarréttindi þeirra. Þróun á sviði læknávisinda og félagslegur og efnahagslegur mismunur milli ríkja leiddi til þess að verulegur munur gæti verið á meðferðarúrræðum sem stæðu til boða í aðildarríkjum sáttmálans annars vegar og upprunarríkjum einstaklinga hins vegar. Dómstóllinn benti á að 3. gr. sáttmálans legði ekki þá skyldu á aðildarríki hans að draga úr þeim mun með því að bjóða öllum innflytjendum upp á ókeypis meðferðarúrræði án nokkurra takmarkana þegar viðkomandi einstaklingur ætti í raun ekki rétt á dvöl innan ríkisins. Ellegar yrði hætt við að veruleg byrði væri lögð á aðildarríki sáttmálans.

Dómstóllinn benti að lokum á að þrátt fyrir að mál kæranda varðaði brottvísun einstaklings með alnæmi þá ættu sömu meginreglur við þegar um væri að ræða brottvísun þeirra sem þjáðust af alvarlegum andlegum eða líkamlegum sjúkdómum.

3. gr. Bann við pyndingum

Í þeim tilvikum gæti brottvísun að sama skapi leitt til þjáninga, sársauka og minni lífslíka þar sem viðkomandi gætu þurft á lækniástoð að halda sem annaðhvort væri mun dýrari eða óaðgengilegri í upprunaríki þeirra.

Þrátt fyrir að kærandi hefði sótt um hæli í Bretlandi, hefði hún ekki krafist þess að fallið yrði frá brottvísun vegna hættu á að hún hlyti slæma meðferð vegna pólitískra ofsókna. Hún hafði aðeins haldið því fram að brotið væri í bága við 3. gr. vegna alvarlegra veikinda sinna og skorts á meðferðarúræðum í Úganda. Vísað var til þess að árið 1998 hefði hún verið greind með alnæmi. Ástand hennar væri nú stöðugt og rekja mætti það til þeirrar meðferðar sem hún hafði fengið í Bretlandi. Nú væri ástand hennar þannig að hún væri vel á sig komin og gæti þolað ferðalög. Talið var að þetta ástand hennar gæti haldist svo lengi sem hún hefði aðgang að sambærilegri meðferð og hún hefði notið fram til þessa.

Kærandi hafði lagt fram gögn til að sýna fram á að brottvísun myndi leiða til þess að heilsu hennar myndi hraka enda fengi hún ekki þá meðferð sem henni stæði nú til boða. Af gögnum málsins mátti einnig ráða að heilsa hennar yrði slæm, hún þyrfti að þola óþægindi, sársauka og myndi eflaust deyja innan fárra ára. Fyrir dómstólinn voru einnig lagðar skýrslur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (*WHO*) þar sem greint var frá því að nauðsynleg lyf væru fáanleg í Úganda þrátt fyrir að einungis helmingur þeirra sem á þeim þyrfti að halda, fengu þau í raun og veru. Kærandi hélt því fram að hún hefði ekki efni á að greiða fyrir meðferð í Úganda og meðferðarúræði væru ekki í boði þaðan sem hún kæmi. Þrátt fyrir að kærandi ætti þar ættingja þá hélt hún því fram að þeir hvorki vildu né gætu annast hana á sjúkrahæði.

Vísað var til þess að á því níu ára tímabili sem hælisumsókn hefði verið til meðferðar hjá stjórnvöldum, dómstólum og Mannréttindadómstólum hefði breska ríkið greitt fyrir lækniástoð og aðra félagslega aðstoð við kæranda. Dómstóllinn benti á að það legði hins vegar enga skyldu á Bretland til að halda áfram slíkum stuðningi. Dómstóllinn féllst á að lífsgæði kæranda og lífslíkur yrði minni yrði henni vísað til Úganda. Til þess væri þó að líta að hún væri ekki alvarlega veik á þeim tímabili sem brottvísun ætti sér stað, en fordæmi dómstólsins vísuðu ítrekað til þess að það væri þáttur sem skipti verulegu máli við mat á því hvort brotið væri í bága við 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn benti jafnframt á að hrakandi heilsufar kæranda eftir brottvísun, aðgengi að meðferðarúræðum, stuðningi og umönnun, þar á meðal frá ættingjum væru þættir sem ekki hefðu veruleg áhrif enda þættir sem háðir væru getgátum og verulegri óvissu, sér í lagi ef litið væri til örrar þróunar meðferðarúræða vegna alnæmis um heim allan. Í samræmi við dómafordæmi dómstólsins þyrfti fullvissa að vera til staðar svo framangreindir þættir gætu stutt málstað kæranda á borð við þá sem voru uppi í máli D gegn Bretlandi. Í því máli stóðu nauðsynleg meðferðarúræði kæranda ekki til boða í upprunaríki hans auk þess sem hann átti þar enga ættingja sem hugsanlega gætu annast hann og veitt honum stuðning í baráttu hans við sjúkdóm sinn.

Með vísan til framangreinds komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að atvik

3. gr. Bann við pyndingum

í máli kæranda væru ekki verulega sérstök og af þeim sökum kæmi brottvísun ekki til með að brjóta í bága við réttindi hennar samkvæmt 3. gr. sáttmálans.

Þrír dómarar skiluðu séráliti.

Um 8. gr.: Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á að taka sérstaklega til skoðunar hvort brotið væri í bága við réttindi kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Þrír dómarar skiluðu séráliti.

Kotsaftis gegn Grikklandi

Dómur frá 12. júní 2008

Mál nr. 39780/06

3. gr. Bann við pyndingum

Fangar. Ómannúðleg meðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Ioannis Kotsaftis, er grískur ríkisborgari og fæddur 1947. Kæra Kotsaftis laut að slæmum aðbúnaði í varðhaldi hans, sérstaklega skorti á viðeigandi meðferð vegna heilsufars hans. Í maí 1998 var kærandi úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir ólöglega verslun með fíkniefni og vörslu fíkniefna. Í júní 2006 var hann sakfelldur með dómi og dæmdur til þrettán ára og fjögurra mánaða fangelsisvistar.

Kærandi var lagður inn á sjúkrahús í ágúst 2003 þar sem lækna greindu hann með skorpulifur, sem orsakaðist af krónískri lifrabólgu B. Samkvæmt lækna skýrslu frá 8. desember 2003 þurfti kærandi á stöðugu eftirliti að halda vegna ástands síns í miðstöð sem sérhæfði sig í slíkum sjúkdómum auk meðferðar til að hindra frekari afleiðingar hans. Þann 8. janúar 2004 úrskurðaði dómstóll að kærandi gæti dvalið fjóra mánuði á spítala. Eftir að hafa verið veitt leyfi frá fangavist þann 27. janúar 2004 flúði kærandi. Kærandi var handtekinn 9. júní 2006 og færður aftur í fangelsi þar sem hann deildi fangaklefa, sem var um 24 m² að stærð, með tíu öðrum föngum. Dagana 21. júní til 3. júlí 2006 gekkst kærandi undir meðferð á sjúkrahúsi vegna blæðinga í vélinda. Kærandi lagði fram beiðni um að fá leyfi til að dvelja utan fangelsis á ný. Í kjölfarið eða 23. september 2006 voru framkvæmdar sérfræðirannsóknir af tveimur læknum. Samkvæmt báðum lækna skýrslum var löng sjúkrahúsdvöl ekki nauðsynleg á þessu stigi sjúkdómsins. Önnur skýrslan mælti þó með því, til að hindra að heilsu kæranda hrakaði, að kærandi fengi hvíld, yrði settur á sérstakt mataræði, fengi viðeigandi lyfjameðferð og sætti reglubundnu eftirliti. Umsókn hans um leyfi til að dvelja utan fangelsis var hafnað.

Mannréttindadómstóllinn óskaði þess þann 9. mars 2007 á grundvelli 39. gr. málsmeðferðarreglna Mannréttindadómstólsins um bráðabirgðaráðstafanir, að grísk stjórnvöld heimiluðu að kærandi yrði færður í sérstaka lækna miðstöð þar sem hann gæti gengist undir allar nauðsynlegar rannsóknir og að hann skyldi dvelja

3. gr. Bann við pyndingum

á sjúkrahúsinu þar til lækna hans teldu að hann gæti snúið á ný í fangelsið án þess að lífi hans væri stefnt í hættu. Kærandi var færður þann 15. mars 2007 á viðeigandi deild á Pastras-sjúkrahúsinu þar sem hann dvaldist enn er dómurinn var kvæðinn upp. Þar fékk hann meðferð með viðeigandi lyfjum vegna lifrabólgu B. Að auki hafði hann undirgengist fjölda sérhæfðra rannsókna og fengið mismunandi meðferðir. Samkvæmt læknesskýrslu 18. janúar 2008 var ástand kæranda stöðugt og ekki lengur nauðsynlegt að halda honum á sjúkrahúsinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því, með stoð í 3. gr. sáttmálans um bann við ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð, að hann hafi smitast af lifrabólgu B vegna aðbúnadar í varðhaldi hans. Hann kvartaði jafnframt yfir skorti á meðferð sem væri viðeigandi vegna ástands hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að kærandi þjáðist af skorpulifur sem orsakaðist af lifrabólgu B vírusnum. Skorpulifur væri krónískur lifrarsjúkdómur og krefðist stöðugs eftirlits og viðeigandi meðferðar. Þá hefði sjúkdómurinn, eins og í tilviki kæranda, oft ákveðnar afleiðingar í för með sér eins og blæðingar í meltingarvegnum og mjög háan blóðþrýsting.

Hvað varðaði fullyrðingu kæranda um að hann hefði smitast af lifrabólgu-vírusnum vegna slæmra aðstæðna í varðhaldi hans leit dómstóllinn til þess að sjúkdómurinn væri mjög smitandi og smitleiðir hans væru með samræði eða með snertingu við smitað blóð eða líkamsvökva. Miðað við krónískt eðli sjúkdómsins og smitleiðir hans taldi dómstóllinn að ekki væri hægt að fallast á fullyrðingu kæranda.

Dómstóllinn skoðaði hvort yfirvöld hefðu gert allt sem búast mætti við af þeim í ljósi alvarleika sjúkdóms kæranda. Dómstóllinn leit til þess að á tímabilunum ágúst 2003 til janúar 2004 og síðan frá 15. maí 2007 hefðu yfirvöld ekki brugðist þeirri skyldu sinni að vernda líkamlega heilsu kæranda, sem hefði fengið viðeigandi meðferð og lækniseftirlit á þeim tímabilum. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði hins vegar verið haldið í varðhaldi án þess að fá sérstakt mataræði eða viðeigandi lyfjameðferð né hefði hann fengið neinar rannsóknir í sérstakri læknamíðstöð á tímabilinu 9. janúar 2006 til 15. mars 2007 þrátt fyrir niðurstöður sérfræðiskýrslu í september 2006 þar um. Dómstóllinn benti sérstaklega á að fyrir utan sjúkrahúsmeðferð á tímabilinu 21. júní til 3. júlí 2006 vegna blæðinga í vélinda hefðu nánast allar læknesskoðanir kæranda tengst öðrum heilsufarsvandamálum. Dómstóllinn benti ennfremur á að aðgerð sem upphaflega átti að fara fram í júlí 2006 var ekki framkvæmd fyrr en ári síðar. Þá taldi dómstóllinn það með öllu óviðunandi að maður sem þjáðist af alvarlegum og mjög smitandi sjúkdómi hefði verið haldið ásamt tíu öðrum föngum í fangaklefa sem væri 24 m² að stærð. Dómstóllinn tók fram að þrátt fyrir að viðeigandi stjórnvöld hefðu verið frædd um að kærandi

3. gr. Bann við pyndingum

Þjáðist af skorpulifur og að ástand hans þarfnaðist viðeigandi meðferðar þá var það ekki fyrir en Mannréttindadómstóllinn hefði óskað eftir ákveðnum ráðstöfunum að kærandi fékk reglubundið lækni-seftirlit. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að grísk yfirvöld hefðu á því tímabili sem um ræddi ekki fullnægt þeirri skyldu sinni að vernda heilsu kæranda, sérstaklega með því að veita honum ekki viðeigandi lækni-meðferð. Þar sem um ómannúðlega meðferð var að ræða komst dómstóllinn að því að 3. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 7.000 evrur í miskabætur og 1.000 evrur í málskostnað.

Gäfgen gegn Þýskalandi

Dómur frá 30. júní 2008

Mál nr. 22978/05

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Öflun sönnunargagna með ólöglegum hætti. Ómannúðleg meðferð. Réttur til að færa fram varnir í sakamáli. Staða þolanda brots á sáttmálanum.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Saadi gegn Bretlandi

Dómur frá 29. janúar 2008 - Yfirdeild

Mál nr. 13229/03

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Hælisleitendur. Varðhald. Upplýsingar um ástæður handtöku.

1. Málsatvik

Kærandi, Shayan Baram Saadi, er íraskur ríkisborgari, fæddur 1976 og búsettur í London. Hann flúði frá Írak og lenti á Heathrow-flugvelli í London 30. desember 2000. Þar óskaði hann samstundis eftir hæli og var veitt tímabundið landvistarleyfi. Þegar hann tilkynnti sig til útlendingaeftirlits 2. janúar 2001, eins og honum hafði verið fyrirskipað að gera, var hann handtekinn og færður til móttökustöðvar fyrir útlendinga í Oakington. Hinn 5. janúar 2001 hringdi talsmaður kæranda í yfirmann innflytjendamála og var þá tjáð að réttmætt væri að halda kæranda í Oakington þar sem hann væri Íraki og skilyrði til varðhalds yfir honum væru uppfyllt. Í Oakington eru vistaðir útlendingar sem geta fengið flýtimeðferð mála sinna og eru ekki líklegir til að flýja. Beiðni kæranda um hæli var hafnað 8. janúar 2001 og var hann látinn laus daginn eftir. Hann kærði ákvörðunina og var í kjölfarið veitt hæli sem flóttamaður. Kærandi, og þrír aðrir íraskir Kúrdar sem hafði verið haldið í Oakington, kröfðust viðurkenningar dómstóla á því að frelsissviptingin sem þeir sættu bryti gegn landslögum og 5. gr. sáttmálans. Bæði undirréttur og áfrýjunardómstóll komust að þeirri niðurstöðu að farið hefði verið að landslögum. Hvað varðaði 5. gr. sáttmálans var talið að varðhald þeirra hefði átt sér stoð í f-lið 1. mgr. 5. gr. og ekki hefði verið gengið lengra en efni stóðu til.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að hann hefði verið settur í varðhald og án þess að gefnar væru ástæður fyrir frelsissviptingu hans. Hann byggði á því að brotið hefði verið gegn 1. og 2. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Um f-lið 1. mgr. 5. gr.: Niðurstaða í dómi deildar frá 11. júlí 2006 var að ekki hefði verið brotið gegn ákvæði f-liðar 1. mgr. 5. gr. þar sem handtakan hefði verið framkvæmd í góðri trú sem liður í því að mál hans væri tekið til flýtimeðferðar. Þá hefði honum verið sleppt tafarlaust eftir að beiðni hans um hæli var hafnað. Ennfremur taldi deildin að frelsissviptingin, sem stóð í sjö daga, hefði ekki varað lengur en efni stóðu til.

Um 2. mgr. 5. gr.: Deildin taldi að tafir á því að talsmaður kæranda fékk fyrst

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

upplýsingar um ástæður handtökunnar hefðu verið of miklar. Tafirnar voru um 76 klukkustundir.

Kæranda voru dæmdar 1.500 evrur í málskostnað en talið var að niðurstaðan sem slík fæli í sér fullnægjandi miskabætur.

Dómur deildar í málinu er reifaður í 2. hefti 2006.

Niðurstaða yfirdeildar

Um f-lið 1. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn benti á að f-liður 1. mgr. 5. gr. væri undantekning frá meginreglu ákvæðisins um persónufrelsi. Samkvæmt henni væri ríkjum heimilt að hafa afskipti af frelsi þeirra útlendinga sem vildu koma inn í landið og dveljast á yfirráðasvæði ríkis og m.a. að halda þeim í varðhaldi. Dómstóllinn taldi að þar til einstaklingi hefði verið heimilað að koma inn í land væri koma hans inn í land óheimil en það eitt að einstaklingur gæfi sig fram við yfirvöld og óskaði eftir hæli leiddi ekki til þess að f-liður 1. mgr. 5. gr. ætti ekki við. Ákvæðið tæki ekki aðeins til þeirra tilvika þar sem sýnt hefði verið fram á að einstaklingur væri að reyna að koma sér hjá því að hlíta skilyrðum til að koma inn í land. Slík túlkun væri of þröng.

Dómstóllinn tók hins vegar fram að varðhaldsvist þyrfti að vera í samræmi við meginmarkmið 5. gr. sem verndaði persónufrelsi og að enginn mætti vera sviptur frelsi sínu með geðþóttaákvörðun. Ákvörðun um varðhald og framkvæmd þess þyrfti að vera tekin í góðri trú. Í því fælist að varðhaldið yrði að vera nátengt þeim tilgangi að hindra óheimilaða komu inn í land; staður og aðstæður varðhaldsvistarinnar yrðu að vera við hæfi enda væri verið að hneppa í varðhald einstaklinga sem ekki hefðu framið glæp heldur væru útlendingar, sem oft og tíðum hefðu flúið frá heimalandi sínu vegna ótta um líf sitt; og að varðhaldið mætti ekki standa lengur en efni stæðu til svo að tilgangi þess væri náð.

Dómstóllinn taldi að varðhaldsvist kæranda hefði verið nátengd þeim tilgangi að hindra óheimila komu hans inn í land og að hún hefði verið framkvæmd í góðri trú enda væri tilgangurinn að veita máli hans flýtimeðferð. Dómstóllinn benti einnig á að móttökustöðin fyrir útlendinga í Oakington væri sérstaklega hönnuð fyrir hælisleitendur og að kærandi hefði ekki sérstaklega kvartað yfir aðstæðunum þar.

Dómstóllinn taldi að varðhaldsvistin hefði ekki varað lengur en efni stóðu til. Vistin hefði staðið yfir í sjö daga og kæranda verið sleppt daginn eftir að hæliskröfu hans var hafnað. Dómstóllinn komst að því að ekki hefði verið brotið gegn f-lið 1. mgr. 5. gr.

Um 2. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn var sammála því, að því gefnu að það fullnægði skilyrðum 2. mgr. 5. gr. að veita slíkar upplýsingar munnlega, að tafir á því að talsmaður kæranda fékk fyrst upplýsingar um ástæður handtökunnar hefðu verið of miklar. Líðið höfðu um 76 stundir frá því að varðhald kærða hófst.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 3.000 evrur í málskostnað en talið var að niðurstaðan sem slík fæli í sér fullnægjandi miskabætur.

Sex dómarmarar skiluðu séráliti.

Kafkaris gegn Kýpur

Dómur frá 12. febrúar 2008 - Yfirdeild

Mál nr. 21906/04

Sjá reifun dómsins undir 7. gr.

Fullnusta refsidóms. Skýrar lagaheimildir. Afturvirkni ákvörðunar um refsiviðurlög.

Shtukaturov gegn Rússlandi

Dómur frá 27. mars 2008

Mál nr. 44009/05

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Lögræðissvipting. Réttur til að fá ákvörðun um frelsissviptingu endurskoðaða. Jafnræði aðila í dómsmáli. Raunhæfur kæruréttur til Mannréttinda-dómstólsins.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Shtukaturov gegn Rússlandi

Dómur frá 27. mars 2008

Mál nr. 44009/05

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

34. gr. Kærur einstaklinga

Löggræðissvipting. Réttur til að fá ákvörðun um frelsissviptingu endurskoðaða. Jafnræði aðila í dómsmáli. Raunhæfur kæruréttur til Mannréttinda-dómstólsins.

1. Málsatvik

Kærandi, Pavel Vladimirovich Shtukaturov, er rússneskur ríkisborgari, fæddur 1982 og býr í St. Pétursborg. Kærandi er andlega vanheill og var úrskurðaður öryrki árið 2003. Málið snýst um að kærandi var sviptur löggræði að beiðni móður hans án þess að fá neina vitneskju um það og jafnframt vistaður á geðsjúkrahúsi.

Hinn 3. ágúst 2004 lagði móðir kæranda fram beiðni til dómstóls um að sonur hennar yrði sviptur löggræði. Hún hélt því fram að hann væri ófær um að lifa sjálfstæðu lífi og þarfnadist lögráðamanns. Kæranda var ekki tilkynnt um þetta mál. Hinn 28. desember 2004 fór fram þinghald í undirrætti sem kærandi var ekki boðaður til og var ekki tilkynnt um. Þinghaldið sóttu saksóknari og fulltrúi frá geðsjúkrahúsi því sem kærandi hafði verið vistaður á í júlímánuði s.á. Eftir tíu mínútna umræðu lýsti undirrættur kæranda ólöggráða samkvæmt 29. gr. einkamálaganna en í umræddu ákvæði var slík réttarstaða skilgreind þannig að einstaklingur gæti ekki skilið merkingu athafna sinna eða stjórnað þeim. Fyrir dómstólinn var lögð sjúkra-skýrsla geðlæknis frá 12. nóvember 2004. Í skýrslunni var vísað til þess að kærandi hefði árásgjarna eða ófgafulla hegðun, neikvætt viðmót og andsamfélagslegan lífstíl. Niðurstaða skýrslunnar var að kærandi þjáðist af geðklofa og gæti ekki skilið gerðir sínar eða stjórnað þeim. Með dómsúrskurði sem gekk í desember 2004 var móðir kæranda skipuð lögráðamaður hans og sem slík bær að lögum til að koma fram fyrir hann í öllum lagalegum málum.

Í kjölfarið rakst kærandi á afrit af úrskurðinum frá því í desember 2004 á heimili móður sinnar og hafði samband við lögmann frá samtökum geðfatlaðra. Kærandi og lögmaðurinn hittust 2. nóvember 2005 og ræddu um málið og möguleika á að áfrýja því. Lögmaðurinn taldi að kærandi hefði fulla getu til að skilja flókin lagaleg álitæfni og gefa viðeigandi fyrirmæli. Hinn 4. nóvember 2005 var kærandi nauðungarvistaður á geðsjúkrahúsi að beiðni móður sinnar. Kærandi og lögmaður hans óskuðu eftir að fá leyfi til að hittast en var neitað um það. Kæranda tókst þó að koma umboði til lögmannsins sem heimilaði honum að leggja fram kæru til Mannréttindadómstóls Evrópu fyrir hans hönd. Frá desember 2005 var

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

kæranda neitað um öll samskipti við umheiminn utan geðsjúkrahússins. Kærandi hefur einnig haldið því fram að honum hafi verið gefin sterk lyf gegn vilja hans.

Í fjölmörg skipti á tímabilinu desember 2005 til janúar 2006 sendi kærandi frá sér fyrirspurnir til ýmissa yfirvalda um að verða sleppt af spítalanum en án árangurs. Lögmaður hans gerði svipaðir tilraunir. Í millitíðinni áfrýjaði lögmaðurinn dómnum frá því í desember 2004 til æðri dóms en málinu var vísað frá án þess að það væri skoðað efnislega. Ástæða frávísunar var sú að kærandi væri ekki bær að lögum til að áfrýja heldur yrði móðir hans að koma fram fyrir hans hönd.

Eftir að kærandi kom kæru á framfæri við Mannréttindadómstólinn, óskaði dómstóllinn þess við rússnesk stjórnvöld þann 6. mars 2006 að gripið yrði til bráðabirgðaaðgerða samkvæmt 39. gr. málsmeðferðarreglna dómstólsins. Þess var óskað að rússnesk stjórnvöld veittu kæranda og lögmanni hans nauðsynlegan tíma og aðstöðu til að hittast og undirbúa mál sitt fyrir Mannréttindadómstólnum. Rússnesk stjórnvöld neituðu að verða við beiðni um bráðabirgðaaðgerð á þeirri forsendu að þessar málsmeðferðarreglur dómstólsins væru ekki bindandi fyrir rússneska ríkið. Þau héldu því jafnframt fram að kærandi gæti ekki athafnað sig án samþykkis móður sinnar og lögmaður hans gæti þ.a.l. ekki komið fram fyrir hans hönd.

Hinn 16. maí 2006 var kæranda sleppt af geðsjúkrahúsinu en á árinu 2007 var hann lagður inn að nýju að beiðni móður hans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði verið sviptur lögræði sínu án vitneskju um þá sviptingu. Hann hélt því jafnframt fram að honum hafi með ólögætum hætti verið haldið á geðsjúkrahúsi þar sem hann gat hvorki fengið þá vistun endurskoðaða né hitt lögmann sinn. Þá hafi hann verið látinn sæta lækni meðferð gegn vilja sínum. Kærandi taldi að brotið hafi verið gegn réttindum hans samkvæmt 3. gr. um bann við pyndingum, 5. gr. um rétt til frelsis og mannhelgi, 1. mgr. 6. gr. um rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, 8. gr. um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, 13. gr. um rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, 14. gr. um bann við mismunun og 34. gr. um kærur einstaklinga.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn minnti á að í málum sem varða nauðungarvistun ætti að veita einstaklingum sem væru andlega vanheilir rétt til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, annaðhvort í eigin persónu eða með umboðsmanni. Hins vegar virtist sú aðstaða hafa verið uppi í þessu máli að kæranda, sem er tiltölulega sjálfstæður einstaklingur þrátt fyrir veikindi sín, hafi ekki verið veitt tækifæri til að taka þátt í málinu varðandi lögræðissviptinguna.

Þegar litið væri til þeirra afleiðinga sem slík málaferli gætu haft á sjálfraði kæranda og frelsi hans, var nærvera hans í slíkum réttarhöldum ómissandi. Réttur hans til að vera viðstaddur væri ekki aðeins til að gefa honum tækifæri til að koma að athugasemdum sínum heldur einnig til að gera dómranum kleift að mynda sér

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

skoðun á andlegu hæfi hans. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að dómurinn um lögræðissviptinguna frá 28. desember 2004, sem byggðist eingöngu á skriflegum sönnunargögnum, hefði verið í andstöðu við meginregluna um jafnræði aðila við málsmeðferð og rétt þeirra til að koma að andsvörum við kröfum málsaðila sem væri fölginn í réttlátri málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Að áliti dómstólsins hefði mæting af hálfu fulltrúa geðsjúkráhusins og saksóknara ekki getað haft þau áhrif að málsmeðferðin teldist vera í samræmi við fyrrnefnda meginreglu. Ennfremur hefði kæranda ekki verið mögulegt að fá endurskoðun dómsniðurstöðunnar og áfrýjun hans verið vísað frá án efnislegrar skoðunar. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að málsmeðferð dómstólsins í máli kæranda hefði ekki verið réttlát og því andstæð 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn benti á að inngrip í einkalíf kæranda hefði verið mjög alvarlegt. Afleiðing af því hefði verið að kærandi væri með öllu háður lögráðamanni sínum á nánast öllum sviðum um óákveðinn tíma. Ekki væri heldur hægt að kæra þessi afskipti nema í gegnum lögráðamanninn sem væri mótfallinn tilraunum kæranda til að fá leiðréttingu mála sinna.

Dómstóllinn tók fram að það væri sláandi að niðurstaða um lögræðissviptingu kæranda hefði fengist eftir aðeins eina fyrirtöku fyrir dómi sem hefði varað í tíu mínútur. Rökstuðningi dómstólsins hefði einnig verið ábótavant þar sem aðeins hefði verið stuðst við geðlæknisfræðilega sjúkraskýrslu frá 12. nóvember 2004, sem hefði ekki greint á fullnægjandi hátt umfang vanhæfni kæranda. Skýrslan hefði ekki fjallað um afleiðingar veikinda kæranda á félagslíf hans, heilsu og fjárhagslega hagsmuni eða fjallað nákvæmlega um hvernig hann gæti ekki skilið eða haft stjórn á gerðum sínum.

Í málum eins og þeim sem reyndi á hér gerði rússnesk löggjöf aðeins greinarmun á fullu lögræði manna og algerri sviptingu lögræðis þegar um andlega vanheilan einstakling væri að ræða. Engin vægari úrræði væru möguleg. Dómstóllinn vísaði til tilmæla ráðherranefndar Evrópuráðsins um ákveðnar meginreglur til verndar ólögráða fullorðnum einstaklingum þar sem m.a. væri mælt með því að löggjöf aðildarríkja væri þannig úr garði gerð að hún veitti svigrúm til að bregðast við á þann hátt sem hæfir í hverju einstöku máli.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að takmarkanir á einkalífi kæranda hefðu verið úr hófi miðað við þau lögmætu markmið sem að var stefnt, þ.e. að vernda hagsmuni og heilsu annarra. Því hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Um 1. mgr. 5. gr.: Rússnesk yfirvöld höfðu ekki útskýrt af hverju móðir kæranda óskaði þess að sonur hennar yrði lagður inn á geðsjúkrahús 4. nóvember 2005. Engin læknisfræðileg gögn voru lögð fram um ástand kæranda við nauðungarvistun hans til að sanna t.d. að læknisfræðilegt mat lægi fyrir um það. Eins og málið lægi fyrir dómstólnum liti út fyrir að ákvörðun um að leggja kæranda inn á sjúkrahús hefði eingöngu verið tekin á grundvelli ástands hans tíu mánuðum fyrr.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Dómstóllinn taldi því ekki sýnt fram á með nægjanlegum hætti að nauðsyn hefði verið á vistun hans vegna læknisfræðilegra ástæðna 4. nóvember 2005 og 16. maí 2006. Ákvarðanir um vistun hans hefðu því verið ólögætær og andstæðar 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 4. mgr. 5. gr.: Ákvörðun um vistun kæranda á geðsjúkrahúsi var tekin að beiðni móður kæranda. Rússneskir dómstólar höfðu ekki endurskoðað þá ákvörðun á neinn hátt og ekki á neinu stigi málsins. Þá buðu rússnesk lög ekki upp á sjálfkrafa endurskoðun dómstóla vegna innlokunar á geðsjúkrahúsi í þeim aðstæðum sem kærandi var í. Kærandi hafði engin lagaleg úrræði til að vefengja áframhaldandi vist sína á geðsjúkrahúsinu þar sem hann hafði verið sviptur lögræði sínu. Kærandi gat heldur ekki gripið til neinna lagalegra úrræða fyrir milligöngu móður sinnar þar sem hún var andvíg því að hann yrði látinn laus. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að skortur á möguleika kæranda til að fá endurskoðun dómstóla á vistun sinni hefði verið brot á 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 34. gr.: Dómstóllinn lýsti furðu sinni á neitun rússneskra yfirvalda um að verða við ósk hans um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt 39. gr. reglna dómstólsins. Þótt kæranda hefði að lokum verið sleppt, hann hefði fengið að hitta lögmann sinn og haldið áfram rekstri kærumsálsins fyrir dómstólnum þá tengdist það á engan hátt fyrrnefndum bráðabirgðaaðgerðum. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að með því að hindra kæranda í langan tíma frá því að hitta lögmann sinn og eiga samskipti við hann og að verða ekki við beiðni um bráðabirgðaráðstafanir hefðu rússnesk yfirvöld hindrað raunhæfan rétt kæranda til að kæra til dómstólsins. Dómstóllinn taldi því að rússneska ríkið hefði brotið gegn 34. gr. sáttmálans um kærur einstaklinga.

Um aðrar greinar: Dómstóllinn benti á að kærandi hefði ekki lagt fram nein gögn til stuðnings fullyrðingum um að hann hafi verið þvingaður til að taka lyf með óþægilegum aukaverkunum. Kærandi hélt því ekki heldur fram að heilsu hans hefði hrakað vegna slíkrar meðferðar. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að ekki væri nægur grundvöllur fyrir þeim þætti kærunnar sem sneri að 3. gr. um bann við pyndingum.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að ekki væri þörf á því að skoða sérstaklega þann þátt kærunnar sem lyti að 13. og 14. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri tímabært að ákvarða bætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans og því var ákvörðun um bætur frestað.

Orr gegn Noregi

Dómur frá 15. maí 2008

Mál nr. 31283/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð.

1. Málsatvik

Kærandi, Marcus Orr, er breskur ríkisborgari og búsettur í Wilmslow í Bretlandi. Hann var flugmaður hjá breska flugfélaginu British Airways. Í ágúst árið 2001 var hann ákærður fyrir að nauðga samstarfskonu sinni. Hin meinta nauðgun átti sér stað 7. ágúst 2001 þegar flugáhöfn hans dvaldist á hóteli við Gardemoen-flugvöll í Ósló.

Kærandi var sakfelldur með dómi undirréttar frá 1. nóvember 2002, dæmdur til tveggja og hálfis árs fangelsisvistar og til að greiða þólandanum 74 þúsund nkr. í skaðabætur og 25 þúsund nkr. í miskabætur.

Þann 20. mars 2003 sýknaði norskur áfrýjunardómstóll kæranda. Í dómi sínum kvað rétturinn eigi að síður á um skyldu kæranda til að greiða skaðabætur til hins meinta fórnarlamb. Kærandi áfrýjaði þeim hluta málsins til hæstaréttar Noregs en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með því að gera honum að greiða skaðabætur þrátt fyrir sýknudóm, væri brotið í bága við rétt hans samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sáttmálans til að teljast saklaust uns sekt væri sönnuð að lögum.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til röksemda norska áfrýjunardómstólsins hvað varðaði greiðslu bóta. Þar hafði m.a. verið vísað til lýsinga á kynferðislegum athöfnum sem áttu sér stað milli kæranda og hins meinta fórnarlamb sem og að kærandi virtist hafa áttað sig á því að þær ættu sér stað gegn vilja hins meinta fórnarlamb. Einnig var í röksemdunum vísað til eðlis ofbeldisins sem kærandi hafði gripið til sem og einbeitts vilja hans til að fá sínu framgengt. Með öðrum orðum þá hafði rétturinn vísað til allra efnisþátta sem áskildir væru svo unnt væri að flokka háttsemi sem refsivert brot, þ.e. sem nauðgun í skilningi 192. gr. norsku hegningarlaganna. Dómstóllinn vísaði til fyrri mála sinna þar sem fram kæmi að þrátt fyrir sýknu í refsimáli þá væru heimildir dómstóla til að kveða á um greiðslu skaðabóta á grundvelli sömu gagna og á grundvelli sönnunarbyrði sem væri ekki eins ströng ekki útilokaðar. Þrátt fyrir að ofbeldið sem kærandi hefði beitt hefði í eðli sínu ekki verið refsivert, þá var orðaval áfrýjunardómstólsins þannig að atferli hans væri í raun lýst sem refsiverðu.

Dómstóllinn benti einnig á að í tveimur hlutum dóms síns hefði áfrýjunardómstóllinn tekið til skoðunar hvort kærandi hefði gerst sekur um refsivert athæfi. Í

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

báðum þeirra komst rétturinn að þeirri niðurstöðu að sýkna yrði kæranda en eigi að síður yrði að gera honum að greiða meintum þólanda skaðabætur. Áfrýjunardómstóllinn hafði lagt sérstaka áherslu á að sönnunarbyrðin vegna skaðabóta væri ekki jafn ströng og þegar um refsiaþbyrgð væri að ræða. Mannréttindadómstóllinn taldi hins vegar rökstuðninginn að þessu leyti ekki nógu sannfærandi. Í raun væri hann þannig fram settur að rétturinn teldi vafa leika á því hvort kærandi væri saklaus. Dómstóllinn tók einnig fram að þessi annmarki á dómi áfrýjunardómstólsins hefði ekki verið leiðréttur af Hæstarétti Noregs.

Með vísan til framangreinds var það álit dómstólsins að brotið hefði verið í bága við rétt kæranda samkvæmt 2. gr. 6. gr. sáttmálans til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð samkvæmt lögum.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru honum dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 160 evrur í málskostnað.

Þrjár dómáttar skiluðu séráliti.

Gäfgen gegn Þýskalandi

Dómur frá 30. júní 2008

Mál nr. 22978/05

3. gr. Bann við pyndingum

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Öflun sönnunargagna með ólöglegum hætti. Ómannúðleg meðferð. Réttur til að færa fram varnir í sakamáli. Staða þólanda brots á sáttmálanum.

1. Málsatvik

Kærandi, Magnus Gäfgen, er þýskur ríkisborgari og fæddur 1975. Hann er nú í fangelsi í Schwalmstadt í Þýskalandi. Kæran snýst um að honum hafi verið hótáð slæmri meðferð af lögreglu til að þvinga hann til sagna um hvar J, yngsti sonur vel þekkrar bankamannafjölskyldu í Frankfurt, væri og að málsmeðferð í refsímáli gegn honum sem fylgdi í kjölfarið hafi ekki verið réttlát.

Í júlí 2003 var kærandi dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir mannrán og morð á J. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brot hans hefði verið sérstaklega alvarlegt og af því leiðir að kærandi á ekki rétt á reynslulausn eftir 15 ára fangelsisvist.

J, sem var ellefu ára, hafði kynnst kæranda, sem var á þeim tíma laganemi, í gegnum systur sína. Kærandi tældi J inn í íbúð sína þann 27. september 2002 með því að segja J að systir hans hefði gleymt jakka sínum þar. Hann kæfði síðan barnið. Að því loknu krafði kærandi foreldra J um lausnargjald, eina milljón evra, ef þau vildu sjá barnið aftur á lífi. Hann kom líki J fyrir undir brú á tjörn einni í nágrenni Frankfurt. Skömmu eftir miðnætti þann 30. september 2002 sótti hann lausnargjaldið á sporvagnstöð. Hann var undir eftirliti lögreglu og handtekinn nokkrum klukkustundum síðar.

Sá lögreglumaður sem bar ábyrgð á því að yfirheyra kæranda hótáði honum 1. október 2002, samkvæmt fyrirráðum sem hann fékk frá varalögreglustjóra

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Frankfurt lögreglunnar, að hann myndi þola miklar þjáningar ef hann neitaði að upplýsa hvar barnið væri. Taldi lögreglan þessa hótun nauðsynlega í ljósi þess að líf J væri í mikilli hættu vegna matarskorts og kulda. Vegna þessarar hótunar upplýsti kærandi hvar hann hefði falið lík barnsins. Í kjölfar játningarinnar aflaði lögreglan frekari sönnunargagna, einkum um hjölför bifreiðar kæranda við tjörnina og barnslikið.

Í refsimálinu gegn kæranda úrskurðaði undirréttur í Frankfurt að ekki væri hægt að nota játningu kæranda við lögreglurannsóknina sem sönnunargagn þar sem hún hefði verið fengin með harðræði og þar með í andstöðu við þýsk réttarfaraslög og 3. gr. sáttmálans. Hins vegar heimilaði dómstóllinn að nota mætti þau sönnunargögn sem lögreglan tryggði sér í kjölfar játningarinnar. Kærandi var að lokum sakfelldur þann 28. júlí 2003. Hann hafði þrátt fyrir að vera upplýstur um rétt sinn til að tjá sig ekki og þá staðreynd að játning hans var ekki heimiluð sem sönnunargagn í máli hans, játað á ný að hafa rænt og myrt J. Niðurstaða dómstólsins varðandi málsatvik var í meginatriðum byggð á síðari játningunni. Niðurstaðan var einnig studd þeim sönnunargögnum sem lögreglan tryggði sér í kjölfar fyrri játningar hans, einkum krufningarskýrslu um J og hjölförum við tjörnina, og öðrum sönnunargögnum sem fengust við eftirlit með kæranda er hann sótti lausnarféð, sem síðar fannst í íbúð hans og á bankareikningi hans.

Kærandi áfrýjaði til æðri dómstóls þann 21. maí 2004 en þeirri áfrýjun var hafnað. Hann áfrýjaði síðar til stjórnskipunardómstóls Þýskalands sem hafnaði þann 14. desember 2004 að taka mál hans fyrir. Sá dómstóll staðfesti þó niðurstöðu undirréttar um að það að hóta kæranda sársauka til að fá upplýsingar frá honum teldist til aðferða sem bannaðar væru við yfirheyrslu samkvæmt landslögum og 3. gr. sáttmálans. Þann 20. desember 2004 voru þeir tveir lögreglumenn sem stóðu að hótuninni dæmdir fyrir harðræði og hvatningu til harðræðis við störf og dæmdir í sektir. Þann 28. desember 2005 sótti kærandi um lögfræðiaðstoð til að fara í skaðabótamál gegn stjórnvöldum vegna þess áfalls sem hann varð fyrir af völdum rannsóknaraðferða lögreglunnar. Þeim málaferlum er ekki lokið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að hafa sætt pyndingum við yfirheyrslu lögreglu. Ennfremur taldi hann að réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi hefði verið brotinn, einkum með því að nota við réttarhöld í máli hans sönnunargögn sem fengust vegna játningar hans sem var fengin með harðræði. Hann studdist við 3. gr. um bann við pyndingum og 6. gr. um rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn fjallaði fyrst um meðferð sem væri andstæð 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn benti á að samkvæmt niðurstöðu þýskra dómstóla hafði lögreglumaður hótað kæranda að valda honum sársauka með líkamlegu ofbeldi til að þvinga hann til að segja frá því hvar J væri niðurkominn. Kærandi hafði

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Þ.a.l. staðið andspænis nægilega raunverulegri og bráðri hættu á vísitandi slæmri meðferð. Í þessu samhengi lagði dómstóllinn áherslu á að bannið við meðferð sem væri í andstöðu við 3. gr. sáttmálans væri fortakslaust. Það væri ekki hægt að réttlæta með háttarni manns, jafnvel þótt henni væri beitt í þeim tilgangi að fá upplýsingar sem gætu bjargað lífi annarrar manneskju. Meðferð á kæranda hlaut að hafa valdið honum töluverðum andlegum þjáningum en hann hafði ítrekað neita að skýra frá því hvar J væri niðurkominn þar til honum var hótáð. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að sú meðferð sem kæranda var hótáð hefði, ef á hefði reynt, náð því stigi að teljast til pyndinga. Þrátt fyrir það komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að sú meðferð sem kærandi hafði sætt teldist til ómannúðlegrar meðferðar. Byggði dómstóllinn þá niðurstöðu sína á því að yfirheyrslan hefði aðeins varað í tíu mínútur, hefði farið fram í spennuþrungnu andrúmslofti sem væri afleiðing þess að lögreglumennirnir, sem voru úrvinda og undir miklu álagi, stóðu í þeirri trú að þeir hefðu aðeins nokkrar klukkustundir til að bjarga lífi J.

Dómstóllinn fjallaði næst um breytta stöðu kæranda sem þolanda ómannúðlegrar meðferðar. Dómstóllinn taldi fullnægjandi að þýskir dómstólar hefðu komist að þeirri niðurstöðu með ótvíræðum hætti að meðferð á kæranda hefði verið í andstöðu við 3. gr. sáttmálans. Ennfremur hefði kæranda verið bætt fyrir meðferðina á sér en lögreglumennirnir tveir sem stóðu að baki hótuninni höfðu verið sakfelldir fyrir brot í starfi og refsáð. Þá hafði bann við að nota allar skýrslur sem gefnar voru vegna þvingunar verið skilvirk leið til að vege upp á móti því sem hallað hefði á kæranda við rannsókn málsins og verið til þess fallið að draga úr því að slík yfirheyrsluáðferð, sem væri andstæð 3. gr. sáttmálans, yrði notuð í framtíðinni. Dómstóllinn taldi því að þær leiðir sem innanlandsdómstólar hefðu farið til að bæta kæranda fyrir meðferðina væru fullnægjandi og komst að þeirri niðurstöðu að hann ætti ekki lengur kröfu á því að teljast þolandi meðferðar sem væri í andstöðu við 3. gr. sáttmálans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn taldi að notkun sönnunargagna sem aflað væri með harðræði í lögreglurannsókn, rétt eins og játning sem fengin væri með slíkum hætti, leiddi sterkar líkur að því að málsmeðferð í refsímáli kæranda í heild teldist vera óréttlát. Dómstóllinn leit hins vegar til þess að það hefði verið játning kæranda fyrir dómi sem var í meginatriðum grundvöllur að sakfellingu hans en önnur sönnunargögn hefðu verið til stuðnings þeirri játningu og eingöngu notuð til að sannreyna játninguna. Kærandi hélt því hins vegar fram að hann hefði aðeins játað á ný vegna þeirra sönnunargagna sem lögregla hefði aflað vegna fyrri játningarinnar sem var þvinguð fram með harðræði, og voru notuð sem sönnunargögn gegn honum. Dómstóllinn leit til þeirra málgagna sem urðu til við meðferð málsins fyrir landsdómstólum þar sem framburður kæranda hafði verið stöðugur og staðfesti að hann hefði sjálfviljugur játað vegna iðrunar og til þess að biðjast fyrirgefningar. Í ljósi áherslu dómstólsins á játningu sem hann gaf fyrir dómi í niðurstöðu sinni og þess að kærandi hafði notið aðstoðar verjanda féllst dómstóllinn ekki á að kærandi hefði ekki getað neitað að tjá sig og hefði ekki átt neina möguleika til að færa fram varnir.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Játning hans gat því ekki talist afleiðing brots á rétti hans til varnar við rannsókn málsins.

Dómstóllinn taldi, í ljósi þeirra málsatvika sem um ræddi og miðað við þau áreiðanlegu sönnunargögn sem voru fyrir hendi og fengust með því að lögreglan hefði haft kæranda undir eftirliti eftir að hann sótti lausnargjaldið, að þau sönnunargögn sem hefðu fengist sem afleiðing fyrri játningarinnar hefðu aðeins verið notuð til stuðnings sakfellingar kæranda. Þrátt fyrir að notkun þeirra hefði verið heimiluð fyrir dómi hefði réttur kæranda til varnar ekki verið brotinn og leiddi ekki heldur til þess að málsmeðferð teldist í heild sinni hafa verið óréttlát. Því hafði ekki verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 1. og 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

7. gr. Engin refsing án laga

Kafkaris gegn Kýpur

Dómur frá 12. febrúar 2008 - Yfirdeild

Mál nr. 21906/04

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

7. gr. Engin refsing án laga

14. gr. Bann við mismunun

Fullnusta refsidóms. Skýrar lagaheimildir. Afturvirkni ákvörðunar um refsiviðurlög.

1. Málsatvik

Kærandi fæddist árið 1946 á Kýpur og er kypverskur ríkisborgari. Hann afplánar refsidóm í fangelsi í Nikósíu, höfuðborg Kýpur.

Kærandi var sakfelldur með dómi þann 9. mars 1989 fyrir þrjú manndráp framin 10. júlí 1987 en hann kom sprengju fyrir í bifreið manns sem honum hafði verið greitt fyrir að drepa. Maðurinn og tvö börn hans, 11 og 13 ára, létu lífið í sprengingunni. Kærandi var dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir hvert hinna þriggja manndrápa. Í dóminum kom fram að skilningur dómstólsins á hugtakinu ævilangt fangelsi í hegningarlögum fæli í sér fangelsisvist til æviloka hins dómfellda, en saksóknari í málinu hafði sérstaklega óskað eftir skýringu dómstólsins á þessu hugtaki. Dómstóllinn taldi af þessari ástæðu óþarft að taka afstöðu til þess hvort kærandi skyldi afplána dóm fyrir hvert tilvik samtímis eða hvern á eftir öðrum.

Þegar kærandi hóf afplánun var honum afhent bréf frá fangelsisvirkvöldum þess efnis, að ef hann hegðaði sér vel í fangelsinu yrði hann látinn laus þann 16. júlí 2002. Í bréfinu var vísað til fangelsisreglugerða sem áttu stoð í lögum um agaviðurlög í fangelsum.

Þann 9. október 1992 komst hæstiréttur Kýpur að þeirri niðurstöðu að fangelsisreglugerðirnar sem vitnað var til í bréfi til kæranda brytu í bága við stjórnarskrána og ættu sér ófullnægjandi stoð í lögum. Árið 1996 fór fram heildarendurskoðun á löggjöf um fangelsismál. Við þá endurskoðun var reglum um skemmri vistunartíma en dómur gerðu ráð fyrir vegna góðrar hegðunar breytt, þannig að þeir sem höfðu verið dæmdir í ævilangt fangelsi höfðu ekki þennan möguleika. Kæranda var því ekki sleppt úr fangelsi á þeim tíma sem bréf fangelsisvirkvalda til hans hafði mælt fyrir um. Með þessu taldi hann refsivist sína hafa verið þyngda með afturvirkum hætti. Kærandi taldi áframhaldandi fangelsisvist sína ólögmeða og óskaði eftir endurskoðun dómstóla á lögmæti vistunarinnar. Dómstólar höfnuðu kröfu hans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Með vísan til 3. gr., 5. gr. og 7. gr. sáttmálans taldi kærandi þá ákvörðun að

7. gr. Engin refsing án laga

refsivist hans stæði ævilangt ólögmæta og ófyrirsjáanlega, auk þess sem málið hefði valdið honum auknum þjáningum og áhyggjum um framtíð sína.

Hann taldi einnig ólíka stöðu sína og annarra fanga sem dæmdir hefðu verið í ævilangt fangelsi en látnir lausir fyrir vegna góðrar hegðunar fela í sér mismunun sem bryti í bága við 14. gr. sáttmálans, sbr. 3. gr., 5. gr. og 7. gr.

Niðurstaða yfirdeildar

Deild dómstólsins ákvað þann 31. ágúst 2006 að eftirláta yfirdeild lögsögu í málinu samkvæmt 30. gr. sáttmálans.

Um 3. gr.: Dómstóllinn fjallaði um lagaástand á Kýpur eftir endurskoðun fangelsisreglnanna árið 1996. Líkur á því að fangi sem afplánar ævilangt fangelsi á Kýpur verði látinn laus fyrr eru litlar, enda slíkt háð sérstöku leyfi forseta landsins með samþykki saksóknara. Dómstóllinn féllst þó ekki á röksemdir kæranda fyrir því að ómögulegt væri að stytta afplánunartíma fanga sem dæmdir hefðu verið í ævilangt fangelsi, enda væru a.m.k. 11 dæmi um slíkt eftir árið 1996. Kærandi hefði því ekki verið sviptur möguleika á að vera látinn laus fyrr og fæli vistun hans því ekki sér ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð að því leyti.

Dómstóllinn taldi ósennilegt að kærandi hefði haft raunverulegar væntingar um að verða sleppt úr fangelsi árið 2002, sérstaklega í ljósi þess að dómstólar höfðu skilgreint hugtakið ævilangt fangelsi í refsidómi í máli hans, auk þess sem hann var upplýstur um þær breytingar sem urðu á lögum um fangelsismál árið 1996. Þrátt fyrir að skortur á að tilgreina tímamörk afplánunar gæti verið til þess fallinn að valda kæranda áhyggjum og óöryggi um framtíð sína, yrði að líta til eðlis dóma um ævilanga fangelsisvist og jafnframt líkur á því samkvæmt gildandi lögum að kærandi gæti fengið lausn úr fangelsi fyrr. Varð þessari aðstöðu kæranda ekki jafnað til þess að hann þyrfti að þola ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð og var því ekki brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 5. gr.: Við úrlausn þess hvort brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans, leit dómstóllinn til orðalags dómsins þegar kærandi var dæmdur til refsivistar og þess að skýrt var kveðið á um að hann skyldi sæta fangavist til æviloka. Tilkynning annars efnis frá fangelsisvirkvöldum sem honum barst síðar gat ekki breytt þeirri niðurstöðu. Þar af leiðandi taldi dómstóllinn að fangelsisvist hans eftir þau tímamörk sem fangelsisvirkvöld tilgreindu væri ekki ólögmæt eða í andstöðu við 1. mgr. 5. gr.

Um 7. gr.: Dómstóllinn skoðaði hvort gildandi lög hefðu verið nægilega fyrirsjáanleg og aðgengileg í skilningi sáttmálans. Við mat sitt tók dómstóllinn mið af merkingu hugtaksins lög í viðtækri merkingu. Þrátt fyrir að viðurlög við afbrotum kæranda væru samkvæmt refsilögum ævilangt fangelsi, var ljóst að í framkvæmd fól refsingin venjulega aðeins í sér 20 ára refsivist með skilyrði um góða hegðun fanga. Þessi framkvæmd hafði mótast á grundvelli fangelsisreglna sem voru enn í

7. gr. Engin refsing án laga

gildi þegar kærandi hlaut sinn dóm og hóf afplánun sína og því ljóst að í skilningi fangelsisyfirvalda skyldi kærandi látinn laus árið 2002 ef hann hegðaði sér vel.

Dómstóllinn taldi að þegar kærandi hlaut dóm sinn hafi lögin ekki verið nægilega skýr og fyrirsjáanleg í framkvæmd og hefði því að þessu leyti verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 7. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn féllst hins vegar ekki á röksemdir kæranda um að refsing hans hefði verið þyngd með afturvirkum hætti, enda lá ekki ljóst fyrir að túlka skyldi orðin „ævilangt fangelsi“ sem tímabundna refsivist þegar dómur í máli kæranda gekk. Dómstóllinn leit til þess að breytingar á fangelsisreglum vörðuðu framkvæmd refsingar, en ekki refsíákvörðun sem slíka. Var því ekki hægt að líta á breytingar á fangelsisreglum sem ákvörðun um að þyngja refsingu kæranda, þótt þær hefðu íþyngjandi áhrif fyrir hann. Dómstóllinn taldi framkvæmd refsingar sem réttilega væri ákveðin af til þess bærum dómstólum og stefnumótun varðandi reynslulausn eða styttri refsivist vegna góðrar hegðunar vera hluta af viðurlagastefnu sem væri á höndum innlendra yfirvalda. Því taldi dómstóllinn ekki vera um brot á 7. gr. sáttmálans að ræða að þessu leyti.

Um 14. gr., sbr. 3. gr., 5. gr. og 7. gr.: Kærandi taldi sig hafa þolað mismunun miðað við aðra í sömu stöðu þar sem ýmis dæmi væru um að fangar sem afplánuðu dóm um ævilangt fangelsi væri sleppt að undangenginni náðun forseta landsins eftir 1993. Dómstóllinn benti á að slíkt vald forseta ætti sér stoð í stjórnarskrá Kýpur og taldi að þau sjónarmið sem lægju að baki þeirri heimild fælu ekki í sér mismunun gagnvart kæranda. Dómstóllinn taldi jafnframt að kærandi væri ekki í sambærilegri stöðu og aðrir fangar sem ekki hefðu verið dæmdir í ævilangt fangelsi og því ekki brot á 14. gr. sáttmálans að kærandi fengi ekki sömu meðferð. Dómstóllinn taldi því ekki brotið gegn 14. gr., sbr. önnur ákvæði sáttmálans.

Dómstóllinn taldi áfellisniðurstöðu dómsins um brot á 7. gr. fela í sér nægilegar bætur fyrir ófjárhagslegt tjón kæranda og voru honum því ekki dæmdar miskabætur. Kærandi fékk dæmdar 13.465 evrur í málskostnað.

Átta dómarmar skiluðu séráliti.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Hadri-Vionnet gegn Sviss

Dómur frá 14. febrúar 2008

Mál nr. 55525/00

8. gr. friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Meðferð látins manns. Málsmeðferð samkvæmt lögum.

1. Málsatvik

Kærandi, Dalia Hadri-Vionnet, er alsírskur ríkisborgari og búsett í Lingon í Sviss.

Hún kom til Sviss árið 1996 og sótti þar um pólitískt hæli. Rúmu ári síðar fæddi hún andvana barn á gistiheimili fyrir hælisleitendur í sveitarfélaginu þar sem hún dvaldi. Hún og barnsaðir hennar urðu fyrir miklu áfalli og treystu sér ekki til að sjá barnið eftir fæðinguna. Að lokinni krufningu var lík barnsins flutt að grafreit sveitarfélagsins fyrir andvana fædd börn. Greftrunin fór fram án athafnar og að foreldrunum fjarstöddum. Ákvörðun um að hafa þennan hátt á var tekin af starfsmönnum sveitarfélagsins sem töldu að móðirin væri ekki fær um að vera viðstödd greftrunina, enda hefði hún ekki óskað þess að sjá barnið eftir fæðinguna.

Kærandi kærði til lögreglu þá tvo starfsmenn sveitarfélagsins sem tóku ákvörðunina. Hún gerði jafnframt kröfu um miskabætur. Saksóknari ákvað að ákæra ekki í málinu. Þeirri niðurstöðu var vísað til dómstóls sem vísaði málinu frá, enda hefði hvorki verið sýnt fram á ásetning starfsmanna sveitarfélagsins í málinu né rökstutt að um brot á friðhelgi látinna manna væri að ræða. Varðandi flutning líksins taldi dómstóllinn að háttsemin hefði brotið í bága við umferðarreglur, enda hefði ekki verið fylgt reglum um flutning látins fólks. Hins vegar hefði viðkomandi starfsmaður verið nýr í starfi og reynslulaus og taldi dómstóllinn nauðsynlegt að meta ákvörðun hans og afleiðingar hennar í því ljósi. Frekari tilraunir kæranda til að koma fram kröfum sínum báru ekki árangur.

Í mars árið 1998 heimiluðu stjórnvöld að lík barnsins yrði grafið upp og grafið aftur í samræmi við óskir kæranda og barnsföður hennar. Barnið var jarðsungið að kaþólskum sið nærri nýjum heimkynnum kæranda í maí sama ár.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sú háttsemi starfsmanna sveitarfélagsins að leyfa henni ekki að sjá nýfætt barn sitt, jarðsetja það án hennar atbeina í gróf á vegum sveitarfélagsins og flytja það þangað í venjulegri bifreið fæli í sér brot á réttindum hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálsans.

Niðurstæða

Dómstóllinn taldi að líkflutningur í viðeigandi farartæki og krafa foreldra um

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

að vera viðstaddir greftrun barns síns, hugsanlega við trúarlega athöfn, væru þættir sem féllu undir gildissvið 8. gr. sáttmálans.

Þrátt fyrir að starfsmenn sveitarfélagsins hefðu leyst starf sitt af hendi í góðri trú og ekki verið látnir sæta refsíabýrgð fyrir dómstólum vegna starfa sinna, þyrfti að kanna hvort ríkið hefði uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 8. gr. Dómstóllinn kannaði hvort meðferð málsins hefði verið í samræmi við lög í skilningi sáttmálans. Dómstóllinn taldi ekki hafa verið fullnægjandi samræmi á milli gildandi laga og reglna og háttsemi starfsmanna sem komu að málinu. Þannig hafði skráningarfulltrúi sveitarfélagsins heimilað greftrunina án samráðs við ættingja, en slíkt samráð var skylt samkvæmt reglum sveitarfélagsins um kirkjugarða. Í reglugerðinni kom jafnframt fram að framkvæmd greftrunar skyldi vera í samræmi við óskir ættingja þess látna. Varðandi flutning líksins frá fæðingarstaðnum að kirkjugarðinum taldi dómstóllinn óumdeilt að sú meðferð stangaðist á við lög, enda kom fram að ekki hafði verið aflað tilskilinna leyfa fyrir slíkum akstri eins og þó var tilskilið í svissneskum umferðarreglum. Með vísan til þessa taldi dómstóllinn að meðferð málsins hefði ekki verið í samræmi við lög og því hefði verið brotið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs kæranda sem verndað væri af 8. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdi dómstóllinn kæranda 3.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur í málskostnað.

Budayeva o.fl. gegn Rússlandi

Dómur frá 20. mars 2008

Mál nr. 15339/02, 21166/02, 20058/02, 116730/2 og 15343/02

Sjá reifun dómsins undir 2. gr.

Náttúruhamfarir. Athafnaleysi stjórnvalda. Skylda til að láta fara fram rannsókn.

Shtukaturov gegn Rússlandi

Dómur frá 27. mars 2008

Mál nr. 44009/05

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Lögræðissvipting. Réttur til að fá ákvörðun um frelsissviptingu endurskoðaða. Jafnræði aðila í dómsmáli. Raunhæfur kæruréttur til Mannréttinda-dómstólsins.

Nnyanzi gegn Bretlandi

Dómur frá 8. apríl 2008

Mál nr. 21878/06

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Útlendingar. Hælisumsókn. Brottvísun.

McCann gegn Bretlandi

Dómur frá 13. maí 2008

Mál nr. 19009/04

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Félagslegt húsnæði. Útburður. Málsmeðferð stjórnvalda. Friðhelgi heimilis.

1. Málsatvik

Kærandi, Gérard McCann, er breskur ríkisborgari, fæddur árið 1968 og búsettur í Birmingham í Bretlandi.

Kærandi og fyrrum eiginkona hans, M, leigðu þriggja herbergja hús af bæjaryfirvöldum í Birmingham. Um var að ræða félagslegt húsnæði sem þeim var leigt á grundvelli húsnæðislaga frá 1985. Í apríl árið 2001 sótti M um úthlutun nýs húsnæðis með vísan til þess að hún hefði sætt heimilisofbeldi af hálfu eiginmanns síns. Í ágúst árið 2001 flutti hún ásamt börnum sínum og kæranda í hús sem henni var úthlutað í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda um heimilisofbeldi. Hún upplýsti bæjaryfirvöld um að hún segði upp samningi um leigu fyrra hússins og skilaði um leið lykklunum að því. Frá og með þeim tíma töldu bæjaryfirvöld því að enginn byggji í þriggja herbergja húsinu.

Í nóvember árið 2001 flutti kærandi hins vegar inn í húsið og gerði á því verulegar endurbætur. Samband kæranda við M hafði skánað og þar sem hann þurfti á húsnæði að halda, m.a. svo að börn þeirra gætu heimsótt hann, þá studdi hún umsókn hans um skipti hans á félagslegu húsnæði í ljósi þess að húsið væri of stórt.

Í janúar árið 2002 heimsótti fulltrúi bæjaryfirvalda fyrrum eiginkonu kæranda. Á þeim tíma höfðu yfirvöld átt sig á því húsið væri ekki tómt og höfðu aflað sér álits lögfræðinga um heimildir þeirra í stöðunni. Fulltrúinn óskaði eftir því við fyrrum eiginkonu kæranda að hún undirritaði uppsagnarbréf sem samkvæmt breskum lögum leiddi til formlegra loka leigusamnings um húsið. Hún undirritaði bréfið en viku síðar tilkynnti hún að hún drægi uppsögnina til baka.

Í júní árið 2002 komust bæjaryfirvöld að þeirri niðurstöðu að kærandi gæti ekki tekið við húsinu og var um rök fyrir því m.a. vísað til stefnu bæjaryfirvalda um heimilisofbeldi. Að auki var vísað til þess að hjá kæranda byggju engin börn sem hann hefði forsjá með og þegar af þeim sökum uppfyllti hann ekki skilyrði fyrir því að taka við húsinu.

Í apríl árið 2003 hafnaði dómstóll kröfu bæjaryfirvalda um umráðarétt yfir húsinu. Vísað var til þess að M hefði hvorki verið upplýst né hefði hún skilið hvaða afleiðingar það hefði að undirrita uppsagnarbréfið. Þær afleiðingar væru m.a. að kærandi, þ.e. fyrrum eiginmaður hennar, væri sviptur réttinum til dvalar í húsinu sem og réttinum til að óska eftir úthlutun félagslegs húsnæðis í stað þess. Málinu var áfrýjað og komst áfrýjunardómstóll að því að bæjaryfirvöld hefðu beitt sér með lögmatum hætti. Af þeim sökum hefði uppsagnarbréfið fullt gildi þrátt fyrir að M hefði undirritað það án vitneskju eða skilnings á afleiðingum þess. Kærandi gerði tvær tilraunir til að fá þá niðurstöðu endurskoðaða en án árangurs og var hann borinn út úr húsinu þann 22. mars 2005.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn friðhelgi heimilis hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að húsið sem úthlutað hafði verið sem félagslegu leiguhúsnaði og kærandi bjó upphaflega í ásamt fyrrum eiginkonu sinni og svo síðar einn teldist hafa verið heimili hans í skilningi 1. mgr. 8. gr. sáttmálans. Að sömu niðurstöðu höfðu breskir dómstólar einnig komist og fyrir dómstólnum var þessu ómótmælt af hálfu breska ríkisins. Dómstóllinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að uppsagnarbréfið og málaferlin sem lotið höfðu að umráðarétti yfir húsinu, teldust vera takmörkun á friðhelgi heimilis hans. Að mati dómstólsins hafði verið mælt fyrir um takmörkunina í lögum og var markmiðið sem slíkt lögmætt. Með henni var stefnt að því að vernda rétt bæjaryfirvalda til að endurheimta umráð yfir eign úr höndum einstaklings sem hefði hvorki samningsbundinn né annan rétt til að dveljast í eigninni. Með takmörkuninni var einnig leitast við að tryggja að ákvæðum húsnaðislöggjafarinnar væri framfylgt.

Dómstóllinn benti á að allir sem stæðu frammi fyrir því að vera sviptir rétti sínum til húsnaðis síns, sem væri í raun eitt alvarlegasta form takmörkunar á friðhelgi heimilisins, ættu að eiga þess kost að geta leitað til óháðs aðila um það hvort meðalhófs væri gætt við ákvörðunartöku stjórnvalda. Ætti þetta við þrátt fyrir að réttur viðkomandi til búsetu í því húsnaði sem um væri að ræða hefði runnið sitt skeið.

Bresku húsnaðislögin voru sett árið 1985 en með þeim var komið á tiltölulega flóknu úthlutunarkerfi fyrir félagslegt húsnaði. Í 84. gr. laganna var ákvæði sem mælti fyrir um tiltekna vernd fyrir leigjendur gagnvart leigusölum sínum, þ.e. stjórnvöldum. Í þeim tilvikum sem stjórnvöld hygðust óska útburðar á grundvelli laganna þyrftu þau að leita sérstaks úrskurðar þar að lútandi. Á því stigi hefði kærandi getað óskað eftir því að persónulegir hagir sínir væru teknir til nánari skoðunar, þar á meðal hversu brýn þörf hans á húsnaði væri með hliðsjón af því að hann þyrfti að sjá börnunum sínum fyrir húsaskjóli sem og þeirri staðreynd að fyrrum eiginkona hans hefði yfirgefið heimili þeirra vegna heimilisofbeldis. Þetta höfðu bæjaryfirvöld hins vegar ekki gert enda sneiddu þau hjá lögunum þegar þau fóru fram á það við M að hún undirritaði uppsagnarbréfið sem leiddi til þess að rétti kæranda til dvalar í húsinu lauk umsvifalaust. Með þessu höfðu bæjaryfirvöld að engu leyti tekið tillit til réttar kæranda til friðhelgi heimilis hans.

Dómstóllinn vísaði einnig til þess að kæranda hefði hvorki verið gefið færi á því að fá óháðan aðila til að meta lögmæti takmarkananna sem hann sætti né hvort meðalhófs hefði verið gætt við ákvarðanatöku bæjaryfirvalda um sviptingu umráðaréttar.

Dómstóllinn taldi því að heimildir leigusala, þ.e. stjórnvalda, til að krefj-

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

ast umsvifalauss umráðaréttar húsnæðis í kjölfar þess að annar tveggja leigjenda húsnæðis segði upp leigusamningi væru þess eðlis að kærandi hefði verið sviptur heimili sínu án þess að eiga þess nokkurn kost að leita úrskurðar óháðs aðila á lögmæti þeirra aðgerða sem hann hefði sætt. Af þeim sökum væri brotið í bága við rétt hans til friðhelgi heimilis síns.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við rétt kæranda til friðhelgi heimilis samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Með vísan til 41. gr. voru honum dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 75.000 evrur í málskostnað.

Maslov gegn Austurríki

Dómur frá 23. júní 2008 - Yfirdeild

Mál nr. 1638/03

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, Juri Maslov, er búlgarskur ríkisborgari, fæddur 1984. Hann flutti til Austurríkis árið 1990 sex ára aldri, ólst þar upp og er þýskumælandi.

Kærandi dvaldist löglega í Austurríki ásamt foreldrum sínum, bróður og systur, og fékk ótímabundið dvalarleyfi í mars 1999. Hann býr nú í Búlgaríu. Málið fjallar um brottvísun kæranda og tíu ára endurkomubann hans til Austurríkis sem hann fékk 16 ára að aldri. Bannið tók gildi þegar hann varð lögráða, þ.e. 18 ára, og bjó enn í foreldrahúsum. Endurkomubannið var ákveðið vegna refsisdóma sem kærandi hlaut hjá ungmennadómstól í september 1999 og aftur í maí 2000 fyrir afbrot sem hann framdi þegar hann var á fimmtánda ári. Í fyrri refsisdóminum var kærandi dæmdur í átján mánaða fangelsi. Af þeim voru þrettán mánuðir skilorðsbundnir. Kærandi var sakfelldur fyrir alvarleg innbrot, fjárkúgun og líkamsárás. Kæranda var jafnframt fyrirskipað að fara í meðferð vegna fíkniefnaneyslu sinnar. Í síðari refsisdómnum var kærandi dæmdur til fimmtán mánaða fangelsis fyrir fleiri alvarleg innbrot. Við ákvörðun refsingar hafði það áhrif til þyngingar hversu mörg brotin voru og hve fljótt hann framdi afbrot á ný eftir fyrri refsisdómnum. Þá hafði kærandi ekki farið í meðferð vegna eiturfjafiknar sinnar. Kærandi var því dæmdur til að afplána þá skilorðsbundnu refsingu sem hann fékk í fyrri dómnum. Kærandi lauk afplánum í maí 2002 og var vísað úr landi til Búlgaríu þann 22. desember 2003.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brottvísun hans til Búlgaríu og endurkomubann hans til Austurríkis bryti gegn réttindum hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Niðurstæða deildar

Niðurstæða meirihluta í dómi deildar frá 22. mars 2007 var að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans,

Þrír dómamar skiludu séráliti með annarri niðurstöðu.

Niðurstæða yfirdeildar

Dómstóllinn tók fram að úrskurður og framkvæmd endurkomubannsins teldust takmörkun á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu kæranda. Takmörkunin hefði átt stöð í landslögum, stefnt að lögmætu markmiði, þ.e. að halda uppi allsherjarreglu og koma í veg fyrir glæpi. Dómstóllinn taldi þó að tíu ára endurkomubann kæranda hefði ekki verið nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi. Að mati dómsins voru ákvarðandi þættir málsins hinn ungi aldur kæranda þegar hann framdi afbrotin, en hann var unglingur á þeim tíma, og með einni undantekningu voru afbrot hans ekki ofbeldisbrot. Meirihluti afbrota kæranda hefðu tengst því að brjótast inn í sjálfssala, bíla, verslanir, veitingastaði og stela reiðufé og varningi. Eina ofbeldisbrot kæranda hefði verið að ýta og sparka í annan ungling með þeim afleiðingum að sá síðarnefndi fékk marbletti. Afbrot kæranda voru flokkuð sem ungmennaafbrot.

Dómstóllinn leit til þess að þegar brottvísun kæmi til skoðunar í málum ungra afbrotamanna væri skylt að líta til þess hvað væri barninu fyrir bestu en í því fælist skylda til að ýta undir aðlögun barnsins að samfélaginu á ný. Aðlögun næðist ekki með því að skera á bönd barnsins við fjölskyldu sína og samfélag með því að vísa því úr landi. Brottvísun yrði að vera síðasta úrræði sem gripið væri til. Dómstóllinn taldi lítið svigrúm til réttlættingar þeirri niðurstöðu að vísa innflytjanda sem hefði fest rætur í samfélaginu á brott með vísan til afbrota sem væru að minnstu leyti ofbeldisbrot og voru framin þegar kærandi var ungmenni. Dómstóllinn benti á langan búsetutíma kæranda í Austurríki og skoðaði hegðun kæranda frá þeim tíma sem hann framdi síðasta afbrot sitt og þar til honum var vísað úr landi. Á því tímabili hafði kærandi dvalið í tvö ár, þrjá og hálfan mánuð í fangelsi. Þess utan hafði kærandi verið í eitt og hálf ár í Austurríki án þess að fremja afbrot á ný. Dómstóllinn tók fram að ekki lægi mikið fyrir um hegðun kæranda í fangelsinu nema að hann hafði ekki fengið laus fyrr og að ekki væri ljóst að hvaða marki aðstæður hans væru stöðugar eftir að hann losnaði úr fangelsi. Dómstóllinn taldi að sá tími sem hefði liðið frá afbrotunum og hegðun hans á fyrrnefndu tímabili vægi ekki jafn þungt á metum og t.d. sú staðreynd að fæst afbrot kæranda hefðu verið ofbeldisbrot og voru auk þess framin þegar hann var unglingur.

Dómstóllinn leit til þess að aðaltengsl kæranda við samfélag, menningu, tungumál og fjölskyldu væru í Austurríki en allir ættingjar hans byggju þar. Jafnframt ætti kærandi engin sönnuð tengsl við Búlgaríu. Dómstóllinn taldi að sú staðreynd að endurkomubannið væri takmarkað við vissan tíma vægi ekki þungt í málinu. Endurkomubannið væri til tíu ára eða nánast í jafnlangan tíma og kærandi hafði búið í Austurríki og að sá tími hefði verið ákvarðandi tímabil í lífi hans. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að jafnvel þó endurkomubannið væri ekki ótímabundið hefði það verið úr hófi miðað við hið lögmæta markmið sem stefnt var

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

að, þ.e. að halda uppi reglu og koma í veg fyrir glæpi. Því hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Með vísan í 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 13.097 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði séráliti.

10. gr. Tjáningarfrelsi

July og Sarl Liberation gegn Frakklandi

Dómur frá 14. febrúar 2008

Mál nr. 20893/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Fjölmíðlar. Umfjöllun um embættismenn.

1. Málsatvik

Fyrri kærandinn er franskur ríkisborgari, Sarge July, fæddur árið 1942. Á þeim tíma sem atvik málsins urðu var hann útgáfustjóri franska dagblaðsins Liberation, en þá sinnti hann jafnframt starfi framkvæmdastjóra blaðsins Sarl Liberation, sem er hinn kærandi málsins. Kærendur voru sakfelldir í meiðyrðamáli sem var höfðað gegn þeim vegna umfjöllunar dagblaðsins um dauða fransks dómara sem fannst látinn við grunsamlegar aðstæður í Afríkuríkinu Djibouti árið 1995 þar sem hann var í embættiserindum.

Mikil fjölmíðlaumfjöllun var um rannsókn málsins en hún var í höndum franska yfirvalda frá árinu 1997. Í mars árið 2000 hélt ekkja dómarsins blaðamanna-fund ásamt lögmonnum sínum og fulltrúum frá fag- og stéttarfélögum dómara. Tilgangur fundarins var að hvetja dómsmálaráðherra landsins til þess að hefja sérstaka rannsókn á meðferð málsins hjá rannsóknardómurum sem stjórnðu rannsókn á láti dómarsins. Aðstandendur fundarins gagnrýndu rannsóknina harkalega, átöldu vinnubrögð þeirra sem stjórnðu henni og tortrygðu ýmsa þætti hennar. Blaðamaður á dagblaðinu Liberation skrifaði grein í blaðið sem birtist daginn eftir blaðamannafundinn undir yfirskriftinni „Dauði dómara: ekkja ræðst gegn dómurum og lögreglu“. Stjórnendur hinnar umdeildu rannsóknar töldu ummæli í grein blaðamannsins ærumeiðandi og stefndu kærendum málsins af þeim sökum. Hin umdeildu ummæli voru ferns konar. Í fyrsta lagi staðhæfing blaðamannsins um að ekkja hins látna dómara hafi talið rannsóknardómarana hlutdræga við rannsókn málsins. Í öðru lagi fréttaflutningur af staðhæfingum formanns fagfélags dómara um að undarlega væri staðið að rannsókn málsins. Í þriðja lagi var vísað til ummæla formanns stéttarfélags dómara um að röð mistaka hefði átt sér stað í rannsókninni og í fjórða lagi athugasemdir blaðamanns um að rannsókn málsins hefði gengið hægt. Kærendur voru sýknaðir í undirrétti. Í niðurstöðu sinni taldi dómstóllinn þó að umfjöllun um hlutdrægni rannsóknardómaranna væri ærumeiðandi, en tók til greina varnir kæranda um að umfjöllunin hefði verið sett fram í góðri trú, enda hefði umfjöllun um blaðamannafundinn verið í samræmi við upplýsingarhlutverk fjölmíðla. Stefnendur áfrýjuðu málinu. Áfrýjunardómstóll komst að þeirri niðurstöðu að umfjöllun um hlutdrægni dómara væri ærumeiðandi, enda hefði blaðamaðurinn ekki leitað sjónarmiða allra aðila við gerð fréttarinnar. Dómstóllinn taldi jafnframt að umfjöllun um að undarlega væri staðið að rannsókn málsins væri ærumeiðandi.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Vegna þessara ummæla voru kærendur sakfelldir fyrir ærumeiðingar í garð opinberra starfsmanna. Fyrri kærandanum var gert að greiða rannsóknardómurum 10.000 franska franka hverjum í skaðabætur, og sömu fjárhæð í sekt. Jafnframt var honum gert að birta helstu niðurstöður dómsins í umræddu dagblaði, sem og helstu dagblöðum landsins. Þar að auki var kærendum báðum gert að greiða rannsóknardómurum 20.000 franska franka vegna málskostnaðar. Kærendur áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar. Í dómi hans frá 14. janúar 2003 var kröfum þeirra hafnað í ljósi þess að kærendur hefðu ekki gætt eðlilegrar varfærni og hlutlægni í fréttáflutningi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu sakfellingu vegna ærumeiðinga brjóta í bága við tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstæða

Dómstóllinn taldi ljóst að málið varðaði skerðingu á tjáningarfrelsi kærendanna í skilningi sáttmálans. Jafnframt taldi hann ljóst að skerðingin væri lögmælt og miðaði að því lögmæta markmiði að vernda æru annarra og að vernda jafnframt óhlutdrægni og vald dómstóla. Við mat á því hvort skerðing tjáningarfrelsisins hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi, áréttaði dómstóllinn hlutverk fjölmiðla sem „útverði lýðræðisins“. Þeim bæri að miðla til almennings upplýsingum og hugmyndum sem vörðuðu almannahagsmunum, til dæmis um starfsemi réttarkerfisins. Dómstóllinn leit til þess að ummælin voru hluti af frétt um opinberan blaðamannafund um mál sem hafði fengið víðtæka fjölmiðlaumfjöllun. Hann taldi það ekki hlutverk franska áfrýjunardómstólsins að kveða á um í hvaða formi efnistöð fréttarinnar væru sett fram. Varðandi framsetningu ummæla í fréttinni taldi dómstóllinn að blaðamaðurinn hefði notað beinar tilvitnanir og birt nöfn þeirra sem settu fram staðhæfingarnar sem vitnað var til í fréttinni, til þess að almenningur gerði greinarmun á skoðunum sem fram kæmu á fundinum annars vegar og greiningu blaðamannsins á þeim hins vegar. Hefði franska áfrýjunardómstólnum láðst að líta til þessa og talið kærendur bera ritstjórnarlega ábyrgð á ummælum sem væru í raun ekki frá starfsmönnum blaðsins komin.

Varðandi niðurstöðu Hæstaréttar í máli kærenda leit dómstóllinn til þess að embættismenn þyrftu að þola meiri gagnrýni á opinberum vettvangi en aðrir einstaklingar. Með vísan til þessara sjónarmiða taldi dómstóllinn að synjun Hæstaréttar hefði hvorki verið fullnægjandi né viðeigandi. Dómstóllinn taldi umfjöllun blaðsins ekki hafa nálgast ytri þölmörk tjáningarfrelsisins í skilningi sáttmálans og komst að samhljóða niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans, enda hefði ekki verið gætt meðalhófs við vernd hinna lögmætu markmiða, auk þess sem hin umrædda skerðing á tjáningarfrelsi taldist ekki hafa verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kærendum dæmdar saman 7.500 evrur

10. gr. Tjáningarfrelsi

í fjártljón og 13.572,8 evrur í málskostnað. Dómstóllinn taldi niðurstöðu um brot á réttindum kæranda fela í sér nægilegar bætur til þeirra fyrir ófjárhagslegt tjón og því væri óþarft að dæma þeim miskabætur.

Kulis gegn Póllandi

Dómur frá 18. mars 2008

Mál nr. 15601/02

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Fjölmiðlar. Stjórnmalámennt. Gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærandi, Mirosław Kulis, er pólskur ríkisborgari, fæddur 1956 og búsettur í Lódz í Póllandi. Kærandi á útgáfufyrirtækið *Westa-Druk* sem gefur út vikuritið *Angora*. Málið tengist meiðyrðamáli sem var höfðað gegn kæranda vegna birtingar tímaritsins á viðtali við lögmann Izabelu Malisiewicz-Gasior og eiginmanns hennar, en þau voru sökuð um að hafa rænt dóttur Andrzej Kern, sem var varaforseti neðri deildar pólska þjóðþingsins.

Hinn 10. júní 1992 bar Kern fram kærú á hendur Malisiewicz-Gasior til svæðis-saksóknara í Lódz og sakaði hana um að hafa rænt sautján ára dóttur sinni, M.K. Við rannsókn málsins hélt Malisiewicz-Gasior því fram að M.K. hefði strokið að heiman með Maciej kærasta sínum og syni Malisiewicz-Gasior. M.K. hefði margsinnis strokið að heiman fyrr vegna ágreinings við foreldra sína. Í kjölfarið var leitað í íbúð Malisiewicz-Gasior og eiginmanns hennar og sími þeirra hleraður. Malisiewicz-Gasior og eiginmaður hennar voru jafnframt handtekin og úrskurðuð í gæsluvarðhald um tíma. Rannsókn á hendur hjónunum var felld niður í ágúst 1992.

Hinn 29. júní 1992 kom Kern fram í sjónvarpi með beiðni um aðstoð við að finna dóttur sína, sem hefði verið rænt. Ásakanir Kern um ránið á dóttur hans fengu töluverða fjölmiðlaumfjöllun í Póllandi.

Hinn 16. ágúst 1992 birti tímaritið *Angora* viðtal við Michał Plisecki sem var lögmaður Malisiewicz-Gasior og eiginmanns hennar. Í viðtalinu sagði lögmaðurinn að Kern væri lygari sem hefði augljóslega misnotað vald sitt til að hafa áhrif á rannsóknina á meintu ráni á dóttur hans. Lögmaðurinn hélt því einnig fram að Kern og eiginkona hans hefðu reynt að leggja dóttur sína inn á geðsjúkrahús og dró hæfni þeirra sem foreldra í efa. Vegna ummæla Plisecki í viðtalinu veitti lögmannafélag svæðisins honum áminningu.

Kern, eiginkona hans og dóttir höfðuð meiðyrðamál gegn útgáfufyrirtækinu *Westra-Druk*. Þann 15. maí 1998 komst dómstóll í Lódz að þeirri niðurstöðu að ummælin hefðu verið meiðandi fyrir Kern og fjölskyldu hans og fyrirskipaði kæranda að birta afsökunarbeiðni og borga bætur. Áfrýjunardómstóll í Póllandi staðfesti niðurstöðu undirréttar. Áfrýjunardómstóllinn taldi að yfirlýsing um að Kern væri lygari gæfi til kynna að hann lygi almennt séð en það væri órökstudd

10. gr. Tjáningarfrelsi

skoðun. Áfrýjunardómstóllinn komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að viðtalsgreinin hefði ekki þjónað neinum réttmætum almannahagsmunum og slík umfjöllun um fjölskyldulíf einstaklings væri ávallt ólögmat jafnvel þó upplýsingarnar væru sannar. Kærandi áfrýjaði til Hæstaréttar Póllands án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans með niðurstöðu dómsins í meiðyrðamálinu gegn honum.

Niðurstæða

Báðir aðilar voru sammála um að niðurstæða pólskra dómstóla hefði falið í sér afskipti af tjáningarfrelsi kvartanda. Takmörkunin ætti stoð í pólskum lagaákvæðum sem stefndu að því lögmæta markmiði að vernda orðspor og réttindi annarra, sbr. 2. mgr. 10. gr. sáttmálans. Álitafnið væri því hvort takmörkunin væri nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.

Dómstóllinn benti á að stjórnámalmenn og opinberir embættismenn eins og Kern þyrftu stöðu sinnar vegna að þola meiri opinbera gagnrýni en aðrir. Kern hefði sjálfur gert meint mannrán dóttur sinnar að opinberu umfjöllunarefni með því að blanda löggæsluyfirvöldum, fjölmiðlum og stjórnámálönnum inn í málið. Við þessar kringumstæður hefðu málefni sem tengdust fjölskyldulífi Kern verið nátengd stöðu hans sem stjórnámálmanns og voru innlegg í opinbera umræðu. Dómstóllinn var því ekki sammála niðurstöðu pólskra dómstóla að birting viðtalsins hefði ekki þjónað neinum réttmætum almannahagsmunum og umfjöllun um fjölskyldulíf einstaklings með þessum hætti væri ávallt ólögmat.

Dómstóllinn taldi að í viðtalinu hefði verið notað ögrandi og ósmekklegt tungutak og skort nærgætni við stjórnámálmanninn. Engu að síður taldi dómstóllinn að fullyrðingar þær sem um ræddi í málinu, sem voru almennt studdar hlutlægum útskýringum, hefðu ekki verið ónauðsynleg og óréttlætanleg persónuleg árás á Kern og hefði ekki verið ætlað að móðga eða niðurlægja hann. Ekki væri hægt að segja að fullyrðingarnar væru úr hófi fram eða að þær hefðu verið umfram það sem væri líðið í opinberri umræðu. Vísað var til hlutverks fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi að vera útverðir almennings og að það hlutverk gæfi þeim ákveðið svigrúm til vera ögrandi og gagnrýnir í umfjöllun.

Ennfremur hefðu sumar fullyrðingar sem kærandi var dæmdur fyrir verið gildisdómar og ekki hægt að staðreyna þær. Pólskir dómstólar hefðu jafnvel viðurkennt það en dómstólarnir hefðu sagt að það að kalla Kern lygara væri skoðun sem ekki væri hægt að sannreyna. Dómstóllinn sagði að gildisdómar gætu verið úr hófi fram ættu þær sér enga stoð í staðreyndum. Hins vegar taldi dómstóllinn að fullyrðing kæranda hefði í þessu samhengi átt nægilega stoð í staðreyndum og var hann því ekki sammála mati dómstóla pólska ríkisins að fullyrðingin hefði verið úr hófi fram.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Að lokum benti dómstóllinn á að harkalegt orðfæri í umfjöllun um stjórn-málamenn næði oft einnig til einkalífs þeirra. Það væri áhætta sem stjórn-málamenn tækju og eðli fjálsrar umræðu, sem væri hornsteinn lýðræðislegs þjóðfélags. Jafn-framt hefði kærandi verið dæmdur til að greiða bæt看 fyrir að birta fullyrðingar sem settar hefðu verið fram af annarri manneskju. Í því samhengi minnti dómstóllinn á að almennt þyrfti töluvert að koma til svo tjáningarfrelsi fjölmiðla undir þessum kringumstæðum sætti takmörkunum.

Dómstóllinn taldi því að dómstólum pólska ríkisins hefði ekki tekist að finna jafnvægi á milli þess að vernda einkalífsréttindi opinberra persóna og rétt kæranda til tjáningarfrelsis í málefnum sem varða opinbera umræðu. Dómstóllinn komst einróma að því að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Kæranda voru í samræmi við 44. gr. sáttmálans dæmdar 2.200 evrur í skaða-bætur og 5.000 evrur í miskabætur. Auk þess voru kæranda dæmdar 4.760 evrur í málskostnað.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Budayeva o.fl. gegn Rússlandi

Dómur frá 20. mars 2008

Mál nr. 15339/02, 21166/02, 20058/02, 116730/2 og 15343/02

Sjá reifun dómsins undir 2. gr.

Náttúruhamfarir. Athafnaleyfi stjórnvalda. Skylda til að láta fara fram rannsókn.

14. gr. Bann við mismunun

E.B. gegn Frakklandi

Dómur frá 22. janúar 2008

Mál nr. 43546/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Börn. Ættleiðingar. Mismunun vegna samkynhneigðar.

1. Málsatvik

Kærandi, E.B., er franskur ríkisborgari, fædd 1961 og búsett í Frakklandi. Hún er leikskólakennari og hefur verið í sambúð og föstu sambandi við R, sem er sálfræðingur, síðan árið 1990. Kærandi sótti um ættleiðingarleyfi til franskra félagsmálayfirvalda í febrúarmánuði árið 1998. Við meðferð málsins kom fram að hún væri samkynhneigð og í sambúð með R. Frönsk félagsmálayfirvöld synjuðu kæranda um leyfi til að ættleiða barn. Hún kærði niðurstöðuna til ædra stjórnvalds en fyrri niðurstaða var staðfest í maí 1999. Ástæður þær sem gefnar voru fyrir báðum synjunum voru tvíþættar. Annars vegar að ekki lægi fyrir hver yrði væntanleg föðurmynd hins ættleidda barns. Hins vegar að sambúðarmaki kæranda, R, væri ekki með í ættleiðingarferlinu.

Kærandi skaut synjun franskra stjórnvalda um ættleiðingarleyfið til stjórnsýsludómstóls sem ógilti synjun stjórnvalda í dómi frá 24. febrúar 2000. Stjórnvöld áfrýjuðu þeim dómi til áfrýjunarstjórnsýsludómstóls sem komst að öndverðri niðurstöðu í dómi frá 21. desember 2000. Þá áfrýjaði kærandi til æðsta stjórnsýsludómstóls og byggði á því að synjun um að veita henni ættleiðingarleyfi hefði byggst á kynhneigð hennar og væri ólögmat. Í dómi frá 5. júní 2002 var ekki fallist á mála-tilbúnað kæranda þar sem dómur áfrýjunarstjórnsýsludómstólsins hefði ekki byggst á afstöðu til kynhneigðar hennar heldur á tilliti til þarfa og hagsmuna ættleiddra barna

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að réttur hennar samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálsans, hefði verið brotinn. Kærandi taldi að hún hefði á öllum stigum málsins sætt mismunun sem byggðist á kynhneigð hennar og að réttur hennar til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu hefði verið brotinn.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að stjórnvöld og síðar franskir dómstólar hefðu byggt ákvörðun sína um að hafna umsókn kæranda um leyfi til að ættleiða barn á tveimur meginástæðum, þ.e. skorti á föðurmynd á heimili kæranda og viðhorfi maka hennar til ættleiðingarinnar.

14. gr. Bann við mismunun

Dómstóllinn átalði ekki að viðhorf maka kæranda hefði haft áhrif á mat á umsókn kæranda enda byggði R á heimili kæranda og myndi því gegna hlutverki í daglegu lífi barnsins. Að mati dómstólsins væri það lögmætt að yfirvöld tryggðu að allar öryggisráðstafanir væru viðhafðar áður en barn væri tekið inn í fjölskyldu, sérstaklega ef fleiri en einn fullorðinn væru á heimilinu. Það væri ekki ólögmætt sjónarmið að líta til þess að par byggði á heimilinu og fæli ekki í sér mismunun sem byggðist á kynhneigð kæranda.

Dómstóllinn taldi að sjónarmið um að líta til skorts á föðurímynd á heimili væru ekki ólögmæt í sjálfu sér en í fyrirliggjandi máli mætti vefengja hversu mikið vægi slík ástæða hefði fengið, sérstaklega þar sem kærandi sótti um ættleiðingarleyfi sem einstaklingur en ekki ásamt R. Að mati dómstólsins hafði þetta sjónarmið óeðlilega mikið vægi og mætti álykta að synjun væri í raun byggð á geðþótta. Sjónarmiðið hefði í raun verið yfirskin til þess að hafna umsókn kæranda vegna kynhneigðar hennar.

Dómstóllinn taldi að lítið hefði verið til samkynhneigðar kæranda, a.m.k. óbeinlínis. Samkynhneigð kæranda hefði ekki aðeins haft áhrif á ákvörðunina heldur einnig verið ákvörðunarástæða þess að synja henni um leyfi til að ættleiða. Kærandi var því talinn hafa sætt mismunun. Dómstóllinn tók fram að ef ástæður fyrir mismunandi meðferð væru aðeins tengdar kynhneigð kæranda þá teldist það vera mismunun í skilningi sáttmálans. Sérstaklega sannfærandi og veigamikil rök þyrftu að vera til þess að réttlæta slíka mismunun varðandi réttindi sem féllu undir gildissvið 8. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi að engin slík rök væru fyrir hendi í málinu enda heimiluðu frönsk lög einstaklingum að ættleiða börn. Þar með væri samkynhneigðum einstaklingum einnig gert kleift að ættleiða börn. Ennfremur hefðu frönsk lög engin ákvæði varðandi nauðsyn þess að hafa föður- eða móðurímynd þegar einstaklingar sæktu um leyfi til að ættleiða. Loks hafði kærandi eins og franskir dómstólar tóku fram „óvefengda persónulega eiginleika og hæfni til að ala upp barn“.

Dómstóllinn benti á að aðstæður kæranda voru metnar heildstætt af stjórnvöldum. Þau byggðu ákvörðun sína ekki einungis á einni ástæðu heldur öllum þáttum málsins og töldu að meginástæðurnar tvær þyrftu að meta saman. Í ljósi þess að annað þeirra sjónarmiða sem ákvörðunin byggðist á, þ.e. skortur á föðurímynd, var ólögmætt hefði það þau áhrif að ákvörðunin sem slík teldist ólögmæt.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að synjun á umsókn kæranda um ættleiðingarleyfi hefði verið brot á 14. gr. sáttmálans, sbr. 8. gr.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 10.000 evrur í miska-bætur.

Sjö dómarrar skiluðu séráliti.

Kafkaris gegn Kýpur

Dómur frá 12. febrúar 2008 - Yfirdeild

Mál nr. 21906/04

Sjá reifun dómsins undir 7. gr.

Fullnusta refsisdóms. Skýrar lagaheimildir. Afurvirkni ákvörðunar um refsiviðurlög.

Burden gegn Bretlandi

Dómur frá 29. apríl 2008 - Yfirdeild

Mál nr. 13378/05

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Skattlagning. Mismunun á grundvelli sambúðarforms.

1. Málsatvik

Kærendur, J.M. (f. 1918) og S.D. Burden (f. 1925), eru breskar systur. Þær eru ógiftar og búa í Marlborough á Englandi.

Kærendur hafa búið saman alla ævi og síðustu 30 árin í húsi byggðu á landi sem þær erfðu eftir foreldra sína. Þær hafa gert gagnkvæma erfðaskrá þar sem þær ána fna hvor annarri öllum eignum sínum.

Gildandi erfðalöggjöf í Bretlandi leiðir til þess að þegar önnur systranna fellur frá mun hin fyrirsjáanlega þurfa að selja húsið til þess að greiða erfðafjárskatt. Samkvæmt breskum lögum um erfðafjárskatt frá 1984 er erfðafjárskattur 40% af eignum arfláta. Það hlutfall er bundið við eignir umfram ákveðið hámark sem er 285.000 pund fyrir skattárið 2006-2007 og 300.000 pund fyrir árið 2007-2008. Í Bretlandi eru eignir sem erfast milli hjóna eða einstaklinga í staðfestri samvist hins vegar undanskildar þessari skattheimtu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur kvörtuðu yfir því að þegar önnur þeirra félli frá þyrfti hin að bera þunga erfðafjárskattbyrði, ólíkt eftirlifandi maka í hjónabandi eða staðfestri samvist. Kærendur töldu að með þessu væri brotið gegn eignarrétti þeirra samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann og 14. gr. sáttmálans þar sem þeim væri mismunað að þessu leyti í samanburði við hjón og einstaklinga í staðfestri samvist.

Niðurstaða deildar

Þann 12. desember 2006 komst deild Mannréttindadómstólsins að þeirri niðurstöðu að breska ríkið hefði ekki farið út fyrir hið víðtæka svigrúm sitt til mats með því að takmarka undanþágu frá greiðslu erfðafjárskatts við eftirlifandi maka í hjúskap eða staðfestri samvist, enda væri mismununin réttlæt看anleg á hlutlægum

14. gr. Bann við mismunun

grundvelli. Var því ekki brotið gegn 1. gr. 1. viðauka og 14. gr. í máli kæranda. Þrír dómáramur skiluðu séráliti.

Dómur deildar í málinu er reifaður í 2. hefti 2006.

Niðurstæða yfirdeildar

Dómstóllinn benti á að með vísan til háas aldurs kæranda, erfðaskrána sem þær hefðu gert og að teknu tilliti til verðmætis eigna þeirra, væri raunveruleg hættá á að í náinni framtíð yrði önnur þeirra tilneydd að greiða verulegan erfðafjárskatt af arfi eftir hina. Með þetta í huga væri unnt að halda því fram að hugsanlega væri um mismunun að ræða á stöðu þeirra miðað við annað sambúðarfólk.

Dómstóllinn benti á að samband systkina væri annars eðlis en samband hjóna og einstaklinga í staðfestri samvist samkvæmt lögum um staðfesta samvist. Eitt helsta einkenni hjónabands eða staðfestrar samvistar væri að þau stæðu ekki þeim til boða sem væru tengdir nánnum fjölskylduböndum. Þrátt fyrir að kærundur hefðu kosið að eyða saman öllum fullorðinsárum sínum breytti það því ekki að um grundvallarmun væri að ræða milli hinna tvenns konar sambandsforma.

Að auki vísaði dómstóllinn til fyrri fordæma sinna varðandi álitafni um réttaráhrif hjónabands. Rétturinn til hjónabands væri verndaður af 12. gr. sáttmálans og hefði margvísleg félagsleg, persónuleg og lagaleg áhrif á réttarstöðu manna.

Frá gildistöku bresku laganna um staðfesta samvist væri samkynhneigðum pörum gefinn kostur á sérstöku lagalegu samvistarformi sem hefði að nær öllu leyti sambærileg réttaráhrif og hjúskapur. Líkt og við átti um hjónabönd þá taldi dómstóllinn að lagalegar afleiðingar staðfestrar samvistar væru þess eðlis að þessi tvö sambandsform væru annars eðlis en önnur sambúðarform. Það sem skipti máli í þessum efnum væri ekki lengd eða vilji aðila til framfærslu hvors annars, heldur væri hér um að ræða eins konar opinbera skuldbindingu sem af leiddi ákveðin réttindi og skyldur fyrir aðila sem væru samningaréttarlegs eðlis.

Á sama hátt og ekki væri hægt að jafna saman annars vegar einstaklingum í hjúskap og einstaklingum í staðfestri samvist, og hins vegar gagnkynhneigðum og samkynhneigðum einstaklingum sem byggju saman án þess að vera giftir eða í staðfestri samvist, þá væri ekki um að ræða lagalega bindandi samkomulag milli kæranda og jafnvel þótt lengd sambúðar þeirra væri veruleg þá leiddi þetta til þess að samband þeirra væri ekki sambærilegt hjúskap eða staðfestri samvist.

Það breytti hér engu þó að 47 aðildarríki hefðu innleitt mismunandi erfðareglur og að mismunandi stefnur virtust gilda innan þeirra hvað varðaði undanþágu erfingja frá greiðslu erfðafjárskatts, enda hefðu ríkin svigrúm til að ákvarða eigin stefnu á sviði skattheimtu.

Yfirdeildin komst því að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að jafna sambúðarformi kæranda við hjónaband eða staðfesta samvist. Af þeim sökum hefði mismunun ekki átt sér stað og hefðu réttindi kæranda samkvæmt 14. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. viðauka því ekki verið brotin.

Fjórir dómáramur skiluðu séráliti.

34. gr. Kærur einstaklinga

Shtukaturov gegn Rússlandi

Dómur frá 27. mars 2008

Mál nr. 44009/05

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Lögræðissvipting. Réttur til að fá ákvörðun um frelsissviptingu endurskoðaða. Jafnræði aðila í dómsmáli. Raunhæfur kæruréttur til Mannréttinda-dómstólsins.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Budayeva o.fl. gegn Rússlandi

Dómur frá 20. mars 2008

Mál nr. 15339/02, 21166/02, 20058/02, 116730/2 og 15343/02

Sjá reifun dómsins undir 2. gr.

Náttúruhamfarir. Athafnaleyfi stjórnvalda. Skylda til að láta fara fram rannsókn.

Burden gegn Bretlandi

Dómur frá 29. apríl 2008 - Yfirdeild

Mál nr. 13378/05

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Skattlagning. Mismunun á grundvelli sambúðarforms.

